



**3 SÉRBLÖÐ**  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is  
Gjafavara



**Hlýtt fyrir börnin**  
Værðarvoðir og teppi úr íslenskri ull eru nýjasta afurð textíl- og fatahönnuðarins Brynju Emilsdóttur.  
**allt 2**



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

28. nóvember 2011  
278. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

REST LESNA  
DAGLAÐ Á ÍSLANDI  
**10**  
ÁRA  
2001 - 2011

## Pólitísk framtíð Jóns óviss

Mikil óánægja er í ríkisstjórnarflokkunum með framgöngu Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í tengslum við breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Kann að vera á leið úr ríkisstjórninni.

**STJÓRN MÁL** Pólitísk framtíð Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra ræðst í dag á þingflokksfundum Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ræðst það af svörum ráðherrans hvort honum er sætt áfram í ríkisstjórninni.

Björn Valur Gíslason, þingmaður VG, segir mikla óánægju í þingflokki með það hvernig Jón hefur haldið á málum fiskveiðistjórnunar. Hann hafi ekki aðeins unnið að málinu án vitneskju þingflokksins heldur án allrar aðkomu flokksins að einu stærsta máli ríkisstjórnarinnar. „Þetta er

umdeilt mál og erfitt meðferðar og þarfnast þess að allir séu á bak við það þegar þar að kemur. Ráðherra hefur kosið að leita út fyrir okkar raðir án okkar vitneskju eða aðkomu. Það er ekkert að því að stofna starfshópa, en að leyna starfsfélaga sína því er allt annað mál og verra.“

Starfshópur á vegum ráðherrans hefur unnið drög að nýju frumvarpi um stjórn fiskveiða sem kynnt voru ríkisstjórninni á tveimur fundum í síðustu viku. Eftir umræður þar var ákveðið að taka málið úr höndum Jóns og setja í hendur ráðherranefndar

sem Katrín Jakobsdóttir og Guðbjartur Hannesson skipa.

Heimildarmenn innan VG benda á að frumvarpið fari gegn ýmsum málum ríkisstjórnarinnar. Til dæmis sé hvergi í því að finna hækkun veiðileyfagjalds, en áætlanir í ríkisfjármálum til næstu ára geri ráð fyrir þeirri hækkun.

Geti Jón ekki sannfært félag sína um að rétt hafi verið staðið að málinu búast menn við að hann hverfi brátt úr ríkisstjórn. Ólíklegt sé að það verði eina breytingin á stjórninni, heldur muni menn nota tækifærið til að koma breytingum á Stjórnarráðinu í gegn sem

stefnt hefur verið að. Þá getur sú staða hins vegar komið upp að stjórnin missi meirihluta á þingi, hætti Jón að styðja hana.

Jón virðist þó ekki vera án bandamanna í þingflokki. Ögmundur Jónsson innanríkisráðherra segir það hafa komið sér á óvart hversu margir hafi gerst stóryrtir um málið í fjölmiðlum og nefnir sérstaklega Björn Val. Hann segir Jón einungis hafa sett fram ákveðnar hugmyndir í vinnuþlaggi og það sé ofþulun að halda því fram að það sé fullbúið frumvarp. Hann telur Jóni áfram sætt í ríkisstjórn. - kóp, mþl, sv / sjá síðu 4



**Endurvekja gamla bók**  
Áhugamenn um hrossarækt gefa út nýtt rit.  
**tímamót 14**

### Pólitíkin og Nubo


Sumir tala eins og málið snúist um útlendingahatur, skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

**skoðun 13**



**Búið spil**  
FH er svo gott sem úr leik í Evrópukeppninni eftir stórt tap á heimavelli í gær.  
**sport 22**

### veðrið í dag



**STORMUR NV-TIL Í KVÖLD**  
Vaxandi N-átt N-til og snjócoma en fremur hæg suðlæg átt og slydda syðra í fyrstu. Frost víða 0-8 stig.  
**VEÐUR 4**



**LJÓSIN TENDRUÐ** Mikill fjöldi var saman kominn á Austurvelli í gær þegar kveikt var á Óslóartrénu. Í ár er það Leppalúði, jólaórói Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, sem prýðir tréð ásamt fögrum jólaljósum.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hátt í hundrað nýir sjúklingar á hverju ári

**HEILBRIGÐISMÁL** Hátt í hundrað einstaklingar leita sér hjálpar á Landspítalanum vegna átröskunarsjúkdóma á ári hverju. Það sem af er ári hafa 79 einstaklingar



leitað til geðdeildar Landspítalans vegna átröskunar, samkvæmt Sigurlaugu Maríu Jónsdóttur, sálfræðingi í átröskunarteymi spítalans á Hvitabandinu. Árið 2008 jókst nýgengið

verulega, en þá leituðu fleiri en 100 einstaklingar eftir greiningu og meðferð á Hvitabandinu. Komur átröskunarsjúklinga á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans hafa verið á bilinu 14 til 28 á síðustu tíu árum. Komur í ár hafa verið heldur fleiri en í fyrra, segir Margrét Gísladóttir, geðjúkrunar- og fjölskyldufræðingur og teymisstjóri átröskunarteymis á göngudeild. - sv / sjá síðu 6

## Hefur þú skolað í dag?

Fyrir börn og fullorðna

Sterkar tennur, fallett bros – það er Flux!

FÆST Í APÓTEKUM

## Spáð allt að 18 stiga frosti á næstu dögum og hvítri jörð um land allt: Miklar frosthörkur fram undan

**VEÐUR** Veður fer kólnandi á landinu á næstu dögum. Spáð er allt að 18 stiga frosti á Hvanneyri á miðvikudag en þá spáir 13 stiga frosti í Reykjavík, 16 stiga frosti á Suðurlandi og 12 stigum á Egilsstöðum. Kalt loft fer yfir landið í vikunni með norðanátt. Ekki er útlit fyrir að snjóá leysi, þó einhverjar rauðar tölur gætu verið í kortunum, þar sem það kólnar á ný á kvöldin. Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segir

**-13°C** er spáð í Reykjavík á miðvikudaginn.

norðanáttirnar ríkjandi frá og með deginum í dag. „Hún verður nokkuð svöl þessi vika, einkum á þriðjudag og miðvikudag,“ segir hann. Þorsteinn útskýrir að léttskýjað veður, líkt og spáð er næstu daga, geisli út hitanum og því verði enn kaldara en ef það væri skýjað. „Það verður allt hvítt í vikunni á landinu öllu. Ég reikna ekki með að snjóinn taki neitt upp,“ segir Þorsteinn. Kuldbinn gengur yfir landið fram yfir helgi, en þá er útlit fyrir að veður fari hlýnandi sunnanlands. Töluverðri úrkomu er spáð og bendir allt til þess að hvít jörð verði á landinu öllu um næstu helgi. - sv

Halldór Helgason  
**KONAN VIÐ 1000°**  
Herborg María Björnsdóttir segir frá

„Bókin er svo jafngóð, að það er eiginlega lygilegt.“ ALP/MORGUNBLAÐIÐ

Mjúkur og bragðgóður  
**Hatidarostur**



Ómar, varstu alveg gáttaður á viðtökunum sem þið fenguð?

„Já og ekki síður á lúðrahljómnum í Stórsveitinni. Það voru sko engir Leppalúðrar.“

Ómar Ragnarsson og Gáttaþefur héldu tónleika í gær með Stórsveit Reykjavíkur.



SLEPPT LAUSRI Uglunni var sleppt lausri í Vestmannaeyjum um helgina eftir dvölina á Náttúrugripasafninu.

MYND/JÚLÍUS G. INGASON

Bjargað undan hrafnaþópi:

## Eyruglu sleppt lausri í Eyjum

**DÝRALÍF** Eyruglu var á dögum bjargað undan hrafnaþópi í Vestmannaeyjum og farið var með hana á Náttúrugripasafnið við Heiðarveg þar í bæ. Uglan var í ágætu ásigkomulagi og var frelsinu fegin þegar henni var sleppt lausri daginn eftir. Talið er að uglan hafi haft viðdöl í Eyjum í nokkrar vikur ásamt annarri stærri uglu, að því er kom fram á Eyjafrettit.is. Fjölmargir hafa séð þessar tvær uglur á ferli, aðallega við Hraunskóg í nýja hrauninu sunnan við Skanssvæðið og umhverfinu þar um kring. - fb

Parasetamóleitrún á Íslandi:

## Þrjú hundruð á bráðamóttöku

**HEILBRIGÐISMÁL** Þrjú hundruð manns leituðu á bráðamóttöku Landspítalans á sex ára tímabili vegna parasetamóleitrunar. Einn þeirra lést úr lifrabílin.

Parasetamóleitrún er ein algengasta orsök fyrir bráðri lifrabílin í vestrænum löndum. Parasetamol má til að mynda finna í lyfjunum Panodil og Paratabs.

Í vikunni var birt rannsókn þar sem kannað var hversu algeng parasetamóleitrún er hér á landi. Ingibjörg Kjartansdóttir lífeindafræðingur vann rannsóknina undir leiðsögn Einars Björnssonar, yfirlæknis í meltingarsjúkdómum. - fb

Forsætisráðherra telur nýja þingsályktunartillögu um landkaup óskynsamlega:

# Útlendingum verði bannað að kaupa land

**ALPINGI** Alpingi skal fela ríkisstjórninni að endurskoða allt lagaumhverfi er varðar rétt erlendra aðila til kaupa á bújörðum, öðru nytjalandi og óbyggðum. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingkona VG, leggur fram þingsályktunartillögu um málið í dag.

Guðfríður Lilja segir markmiðið með endurskoðuninni meðal annars vera að koma í veg fyrir kaup erlendra aðila sem ekki hafa hér lögheimili eða fasta búsetu á landi. Endurskoðun laganna eigi jafnframt að huga að þáttum eins og

landstærð, nýtingu landgæða og fjölda landareigna sem almennt sé heimilt að verði á hendi eins og sama aðila.

„Í því samhengi er ítrekuð nauðsyn þess að horfa til umhverfissjónarmiða, ákvæða um almanna-rétt og opinbers eignarhalds á auðlindum,“ segir Guðfríður Lilja.

Í ályktuninni kemur fram að nauðsynlegt sé að huga að almennum viðmiðum eins og landstærð og fjölda og mikilvægi ákvæða um almanna-rétt í allri lagaumgjörð og taka þar meðal annars mið af sér-



GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

stökum aðstæðum varðandi landbúnað og auðlindir.

„Jafnframt er bent á hversu veik

auðlindalöggjöfin er hérlendis þar sem auðlindir, eins og til dæmis grunnvatn, eru sjálfkrafa einkaeign landeignanda,“ segir Guðfríður Lilja, sem hefur stuðning flokksfélaga sinna í málinu.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra er ósammála því sem kemur fram í tillögunni.

„Mér finnst þessi tillaga óskynsamleg og hún er ekki í samræmi við stjórnarsáttmálann né þá stefnumörkun sem unnið hefur verið að varðandi erlenda fjárfestingu,“ segir hún. - sv, mþl

# Framleiðsla fódurs á iðnaðarlóð gagnrýnd

Umhverfsvaktin við Hvalfjörð furðar sig á framleiðslu fódurs innan þynningarsvæðis eiturefna á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga. Fyrirtækið segir hráefni geymd og unnin í lokuðum kerfum. Vöktun og eftirlit sé auk þess strangt.

**UMHVERFISMÁL** Fóðurframleiðsla fyrirtækisins Líflands á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga er harðlega gagnrýnd af Umhverfsvaktinni við Hvalfjörð (UH). Á það er bent að fyrirtækið sé innan þynningarsvæðis eiturefna. Framkvæmdastjóri Líflands hafnar því að ástæða sé til að gagnrýna reksturinn á svæðinu. Mælingar sýni að magn eiturefna í andrúmslofti á þynningarsvæðinu sé undir þeim mörkum sem sett eru fyrir svæði utan þynningarsvæðisins.

Umhverfsvaktin, sem eru samtök áhugafólks um umhverfismál í Hvalfirði, ályktuðu á fyrsta aðalfundi samtakanna á dögum að það væri „óhugnanleg staðreynd“ að innan þynningarsvæðis brennisteins og flúors sé unnið fóður til framleiðslu landbúnaðarvara. „Fyrir búfjárframleiðslu á Íslandi er ólíðandi með öllu að hugsanlega sé verið að flytja skaðleg efni af iðnaðarsvæðinu á Grundartanga út um hinar dreifðu byggðir landsins í formi dýrafóðurs.“

Bergþóra Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Líflands, segir í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að fyrirtækið hafi starfsleyfi frá Matvælastofnun (MAST) sem hafi farið ítarlega yfir starfsemi verksmíðjunnar frá því að hún var reist, meðal annars með sýnatökum. Á svæðinu sé umhverfissvöktun, samþykkt af Umhverfisstofnun, sem hafi sýnt að magn efna í andrúmslofti er undir þeim mörkum sem sett eru fyrir svæði utan þynningarsvæðisins.

Bergþóra segir jafnframt að Lífland geri þær kröfur til yfir-



IÐNAÐARSVÆÐIÐ Á GRUNÐARTANGA Sambýli fóður-, áls-, og járnblendiframleiðslu er gagnrýnt af umhverfissamtökum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

valda, nágretta sinna og hafnarýfirvalda að eftirlit með losun mengandi efna sé með þeim hætti að ekki stafi hætta af þeim. „Að lokum finnst mér vert að hvetja til þess að umræða sem þessi sé vönduð og að ekki séu búin til vandamál þar sem þau eru ekki til staðar. Við búum í landi með sterka innviði og þar sem miklar kröfur eru gerðar til atvinnurekstrar þegar kemur að mengunar- og gæðamálum.“

Ragnheiður Þorgrímsdóttir, formaður Umhverfsvaktarinnar, segir að staðsetning Líflands verði

að skoðast í því ljósi að hugmyndir séu uppi um framleiðslu á álgjalli, brotastáli á svæðinu auk klórverk-smíðu. „Við teljum það mikið álitamál að þetta sé í lagi. Við furðum okkur á því hvernig mönnum dettur þetta í hug í ljósi þess hve hættuleg efni eru í notkun á svæðinu; flúor og brennisteinn. Svo er þetta kryddað með þungmálum,“ segir Ragnheiður sem segir stærsta einstaka mál Umhverfsvaktarinnar að stemma stigu við frekari mengandi iðnaðaruppbyggingu í firðinum. svavar@frettabladid.is

## Ingibjörg Rafnar er látin

Ingibjörg Þórunn Jónasdóttir Rafnar lögfræðingur er látin, 61 ára að aldri. Hún lést í gær eftir baráttu við krabba-mein.



Ingibjörg fæddist á Akureyri hinn 6. júní 1950. Hún starfaði bæði sem lögfræðingur, umboðsmaður barna og gegndi ýmsum félags- og trúnaðarstörfum. Eiginmaður Ingibjargar er Þorsteinn Pálsson, fyrverandi ráðherra og ritstjóri Fréttablaðsins. Börn þeirra eru Aðalheiður Inga, Páll Rafnar og Þórunn.

Leiðtogi Vítisengla í Noregi:

## Mál Vítisengils fyrir dóm í dag

**DÓMSMÁL** Mál Leifs Ivars Kristiansen, leiðtoga Vítisengla í Noregi, verður flutt í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Leif Ivar var stöðvaður við komuna til Íslands þann áttunda febrúar í fyrra. Hann gisti fanga-geymslur í Reykjanesbæ yfir eina nótt og var svo sendur með flugvél til Noregs. Ákvörðun um brottvísunina var tekin af Útlendingastofnun. Leif Ivar kærði þá ákvörðun til viðkomandi ráðuneytis, sem þá hét dómismálaráðuneytið, en ákvörðun Útlendingastofnunar var staðfest. Leif Ivar ákvað því að stefna íslenskum stjórnvöldum fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur. - jhh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Líkamsrás í Hafnarfirði

Tveir menn voru handteknir og einn fluttur á sjúkrahús eftir líkamsrás í heimahúsi í Hafnarfirði í fyrirótt. Sá særði var talinn höfuðkúpubrotinn.

Postulínsvasi frá nítjándu öld boðinn upp hjá dönskum uppboðshaldara:

## Íslandsvasi til sölu á 2 milljónir

**LIST** „Þetta er stórmerkilegur gripur,“ segir Jóhann Hansen hjá Gallerí Fold um postulínsvasa með mynd af Bessastöðum sem er til sölu hjá danska uppboðshaldaranum Bruun Rasmussen.



JÓHANNS HANSEN

Myndin á vasanum var máluð á 19. öld af Dananum F. T. Kloss þegar hann kom til Íslands ásamt Friðriki Danakonungi. Talið er að tveir vasar hafi verið gerðir en annar þeirra brunnið hjá konungsfjölskyldunni. Hinn var gefinn Scheelfjölskyldunni, sem er núna að selja gripinn og lýkur uppboðinu í dag.

„Hann myndi sóma sér vel, til dæmis, á Bessastöðum. Þetta er gullfallegur vasi, stórglæsilegur og örugglega merk heimild,“ segir Jóhann. Hann bætir við að nokkuð mörg verk eftir sama listmálara liggja eftir hann frá þessari Íslandsferð árið 1834.

Spurður út í verðmatið á vasanum telur Jóhann að það sé hæfilegt. „Þessi vasi hefur kannski meiri þýðingu fyrir Ísland og Íslendinga en til dæmis einhvern Dana. Ég held að forsetaembættið hafi engar leiðir til að kaupa svona en það væri ráð ef einhverjir myndu slá saman og bjóða í þetta fyrir embættið.“



GLÆSILEGUR Myndin á vasanum glæsilega var máluð á 19. öld.

Listasafn Íslands fer með öll mál varðandi listaverk á Bessastöðum og öðrum opinberum stöðum. Þar á bæ kannaðist enginn við postulínsvasan glæsilega og ekki heldur forsetaritarinn Örnólfur Thorsson. „Við höfum nú ekki ráðum til þess að kaupa mikið þessa dagana,“ segir hann. - fb

**FYRIRTÆKIASALAN**  
S U D U R V E R I  
SÍMI 581 2040 896 1810 REYNIR ÞORGRÍMSSON.  
Stigahlíð 45-47  
Lögg. fasteignasali: Guðrún Hulda Ólafsdóttir Hdl.

**Sýnishorn úr söluskrá**  
Hársnyrtistofa – mjög vel staðsett.  
Framleiðsla á vönduðum minjagripum  
Vél til að framleiða BioDiesel  
Þekkt innrömmunarfyrirtæki  
Afkastamikil hreingerningaþjónusta  
Verslanir við Laugavegin  
Bílaleiga/ferðaþjónusta  
Stór lágvörverslun - einkaumboð  
Einstaklega vel staðsett bónstöð  
Óskum eftir fyrirtækjum til skráningar!

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu  
reynir@fyrirtaeki.is - www.fyrirtaeki.is

# SUZUKI



Way of Life!

## Skynsamlegur kostur

### NÝR SUZUKI SWIFT

Nú stærri og rúmbetri með einstaklega sparneytinni  
94 hestafla vél.

Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4. Verð frá 2.580 þús. Meðaleyðsla frá 5.0L/100 km




### SUZUKI GRAND VITARA

Söluhæsti jeppinn á Íslandi síðastliðin 3 ár.

Nú með öflugri 2.4L 169 hö/vél

Verð frá 4.980 þús., beinskiptur.  
Meðaleyðsla 9.0L/100 km



### SX4 SPORTJEPPLINGUR.

Ný sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður  
og síðast en ekki síst hagstætt verð.

Með 1,6L vél. Verð kr. 3.690 þús. Meðaleyðsla 7,6L/100 km,  
sjálfskiptur



Kizashi er fjórhjóladrifinn fólkabíll í millistærðarflokki

Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra aksturseiginleika.

Bíll sem keppir við þá bestu!

2,4L vél. Verð 5.970 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km




Sparaðu með visthæfum  
Suzuki Splash

Verð kr. 2.250 þús. Meðaleyðsla  
5,0L/100km, beinskiptur.

Alto. Sparneytinn borgarbil  
sem fær frítt í stæði í miðbænum!

Hagstætt verð, ódýr í rekstri.  
Verð kr. 1.790 þús. beinskiptur.  
Meðaleyðsla 4,4L/100km.



Upplifðu einstaka aksturseiginleika  
Jimny. Handskiptur, sjálfskiptur

Verð frá kr. 3.250 þús.  
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.

Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

SUZUKI - FYRIR SKYNSAMT FÓLK



TRAUST UMBOD Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

## GENGIÐ 25.11.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	120,24	120,82
Sterlingspund	185,98	186,88
Evra	159,24	160,14
Dönsk króna	21,412	21,538
Norsk króna	20,306	20,426
Sænsk króna	17,203	17,303
Japanskt jen	1,5519	1,5609

SDR 186,08 187,18

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,012

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður Samtaka ferðapjónustunnar furðar sig á ákvörðun ráðherra um Nubo:

## Hlýtur að fæla fjárfesta frá

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þessi niðurstaða kom á óvart. Það er mikið kallað eftir erlendri fjárfestingu og þarna virtist vera áhugaverð hugmynd á döfinni,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar, um ákvörðun Ógmundar Jónassonar innanríkisráðherra um að veita kínverska fjárfestinum Huang Nubo ekki leyfi til að kaupa Grímsstaði á Fjöllum.

Hún segir það hljóta að vera að þessi ákvörðun fæli erlenda fjárfesta frá landinu.

„Þessi viðhorf hluta ríkisstjórn-



**ERNA HAUKSÐÓTTIR** Framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar telur að ákvörðun innanríkisráðherra fæli erlenda fjárfesta frá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

arinnar til erlendra fjárfesta hljóta að fæla frá. Þetta er allavega ekki

til þess fallið að laða þá að.

Erna segir samtökin, líkt og aðra í atvinnulífinu, hafa kallað eftir erlendri fjárfestingu hingað til lands og finnst henni mál Nubo vera glatað tækifæri.

„Það sem kom mér mest á óvart er að það hafi ekki verið reynt að semja við manninn á nokkurn hátt. Hann fékk ekki viðtal við ráðherra,“ segir hún.

Erna segir það undarlegt að innanríkisráðuneytið hafi ekki reynt að komast að einhvers konar málamiðlun við Nubo, til þess að reyna að ná einhverri lendingu. - sv

Á annað þúsund handteknir:

## Mótmæltu kjarnorkulest

**ÞÝSKALAND, AP** Þýska lögreglan handtók í gær um 1.300 manns, sem reyndu að stöðva flutningalest með kjarnorkuúrgang með því að setja á lestareina í norðanverðu Þýskalandi.

Öllum var þó sleppt fáeinum klukkustundum síðar.

Alls tóku nærri 5.000 manns þátt í mótmælum gegn flutningi á kjarnorkuúrgangi frá Frakklandi til geymslu skammt frá bænum Gorleben í Þýskalandi. Tugir manna hafa meiðst í átökum við lögreglu. - gb



**MÓTMÆLI Í KAÍRÓ** Mótmælendur krefjast afsagnar herforingjanna. NORDICPHOTOS/AFP

Kosningar í Egyptalandi í dag:

## Herforingjar biðja um frið

**EGYPTALAND, AP** Herforingjastjórnin í Egyptalandi hvetur mótmælendur til að vera til friðs og taka þátt í þingkosningum í dag, þeim fyrstu sem haldnar hafa verið í landinu síðan Hosni Mubarak var steypt af stóli í byltingu fyrr á árinu.

„Við viljum ekki leyfa vandræðafólki að blanda sér í kosningar,“ sagði Hussein Tantawi, leiðtogi herforingjaráðsins, sem farið hefur með völd að mestu síðustu mánuði.

Hann sagði erlend öfl standa að baki mótmælunum, sem brutust út að nýju fyrir rúmlega viku. - gb

Mikill stormur í Danmörku:

## Þúsundir húsa án rafmagns

**STOKKHÓLMUR, AP** Rafmagn fór af um tólf þúsund heimilum í Danmörku og Suðvestur-Svíþjóð eftir að stormur gekk þar yfir í gær.

Óveðrið olli umferðartöfum auk þess sem ferjuferðum var frestað á milli Svíþjóðar, Danmerkur, Noregs og Þýskalands. Eyrarsundsbrúnni var einnig lokað vegna stormsins. Sænska veðurstofan varaði við storminum og tilkynnti um hæsta varúðarstuðul, eða þrjá. Hjá dönsku veðurstofunni var varúðarstuðullinn tveir. - fb

## Veruleg óánægja með Jón Bjarnason í ríkisstjórninni

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir Jóni Bjarnasyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, illa sætt í ríkisstjórninni á meðan hann vinnur ekki með þingflokkunum í hverra umboði hann starfar.

**STJÓRN MÁL** Mikil óánægja er innan ríkisstjórnarinnar með framgöngu Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í tengslum við endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir ekki hægt að líða vinnubrögð Jóns.

„Þetta er eitt stærsta mál ríkisstjórnarinnar og það gengur ekki að sjávarútvegsráðherra haldi því bara fyrir sig. Hann hefur unnið þessa vinnu án aðkomu stjórnarliða og heldur skipað í kringum sig fólk, sem tilheyrir stjórnarandstöðunni. Það eru vinnubrögð sem ekki er hægt að líða,“ segir Jóhanna og bætir því við að ráðherra sem starfi í umboði þingflokka ríkisstjórnarflokkanna en vilji ekki starfa með sé illa stætt í ríkisstjórn.

Jón Bjarnason kynnti drög að nýju frumvarpi um breytingar á stjórn fiskveiða á fundi ríkisstjórnarinnar á þriðjudag. Ríkisstjórnin ákvað svo á fundi sínum á föstudag að fela ráðherranefnd að taka við undirbúningi á breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Katrín Jakobsdóttir og Guðbjartur Hannesson munu leiða nefndina og var málið því svo að segja tekið úr höndum Jóns.

Frumvarpsdrögin sem Jón kynnti í síðustu viku voru birt á vefsíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins á laugardag.

## Kvótafrumvarpinu verið breytt nokkuð

Frumvarpsdrögin sem birt voru á vefsíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins eru talsvert ólík hinu svokallaða stóra kvótafrumvarpi sem lagt var fram á þingi í vor. Meðal breytinga sem orðið hafa í frumvarpinu eru að ákvæði um bann við veðsetningu aflaheimilda hefur verið felld út. Þá verði nýtingarleyfi á aflaheimildum í upphafi veitt til að jafnaði 20 ára í stað 15 eins og áður var gert ráð fyrir. Nýtingarleyfishafar eiga síðan að hafa rétt á viðræðum um endurskoðun og hugsanlega framlengingu samnings. Ákvæði um verulegar takmarkanir á framsali aflaheimilda hefur einnig verið breytt. Loks skulu 40 prósent af veiðigjaldi renna til þess sveitarfélags þar sem skip er skráð en þetta hlutfall var 30 prósent í stóra kvótafrumvarpinu.

Starfshópur sem Jón skipaði hefur unnið að frumvarpinu um hríð, að því er virðist án vitundar annarra ráðherra. Í starfshópnum voru Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélagsins Framsýnar á Húsavík, Atli Gíslason þingmaður sem nýverið sagði sig úr Vinstri grænum, Jóhann Guðmundsson, skrifstofustjóri í ráðuneytinu og fyrrverandi aðstoðarmaður Jóns Bjarnasonar, og Jón Eðvald Friðriksson, framkvæmdastjóri FISK á Sauðárkróki.

Ekki náðist í Jón Bjarnason í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Hann sendi hins vegar frá sér



**JÓN BJARNASON** Jón segir að þau frumvarpsdrög sem birt voru á vefsíðu ráðuneytis síns á laugardag séu vinnuskjöl sem geti orðið umræðugrundvöllur. Ekki sé um fullbúið frumvarp að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

yfirlýsingu vegna málsins síðdegis. Þar segir að frumvarpsdrögin sem um ræðir séu vinnuskjöl sem geti orðið umræðugrundvöllur. Ekki sé um fullbúið stjórnarfrumvarp eða tillögur ráðherra að ræða. Jóhanna Sigurðardóttir segir hins vegar ljóst að frumvarpsdrögin sem Jón kynnti verði aldrei lögð fram sem stjórnarfrumvarp óbreytt. Í mörgum atriðum gangi drögin ansi langt frá stefnu ríkisstjórnarflokkanna.

Jóhanna segir Jón Bjarnason ekki hafa verið sammála öðrum ráðherrum um þá ákvörðun að færa málið inn í ráðherranefnd. Aðspurð hvort sú aðgerð jafngildi

vantraustsýfirlýsingu á embættisstörf Jóns svaraði hún: „Ég ætla ekki að tala um það hvort þetta er vantraust á hans vinnubrögð. Það er hins vegar ljóst að Jón Bjarnason hefur hagað sér með þeim hætti að það varð að grípa til ráðstafana.“

Jóhanna segist að lokum hafa fulla trú á því að ríkisstjórnin muni breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu áður en kjörtímabilinu er lokið. Þá óttast hún ekki að upp úr stjórnarsamstarfinu slítni á næstunni ef þingmenn flokkanna bera gæfu til þess að taka meiri hagsmuni fyrir minni.

magnusl@frettabladid.is

# NÝTT!

## Nicotinell Tropical Fruit

15% AFSLATTUR

Gildir út nóvember

**Lyfjaval** Bílaapótek Hæðarsmára Mjódd • Álftamýri

**APÓTEK** Lyfjaval.is • sími 577 1160

### VEÐURSPÁ

**Elisabet Margeisdóttir**  
veðurfréttamaður

**FROST Á FRÓNÍ**  
Lítur út fyrir vonskuveður um norðvestanvert landið í kvöld með stormi og mikilli ofankomu. Stíff norðanátt framman af morgundeginum og eljagangur norðanlands. Hægari og úrkomulítið á miðvikudag en horfur á talsverðu frosti.

Á MORGUN 10-18 m/s. Dregur úr vindi er liður á daginn.

MÍÐVIKUDAGUR 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

Alicante	18°
Basel	10°
Berlín	6°
Billund	7°
Frankfurt	7°
Friedrichshafen	7°
Gautaborg	6°
Kaupmannahöfn	6°
Las Palmas	22°
London	10°
Mallorca	16°
New York	18°
Orlando	22°
Ósló	3°
París	9°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	4°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

## Airbus 320

Í fyrsta sinn á Íslandi!

Stærri flugvélar

Meira pláss

Betri aðbúnaður

Árgerðir 2004 og 2011; yngstu flugvélar í áætlunarflugi á Íslandi



Køben / Berlín / London

# TVEIR FYRIR EINN!

Takmarkað sætaframboð  
og það er eins og alltaf:  
**Fyrstur bókar, fyrstur fær!**



Það eru allir að komast í hátíðarskap og líka við hjá Iceland Express sem fögnum nýjum og betri flugvélum. Jólagjöfin frá okkur í ár er 2 fyrir 1, þú færð tvo flugmiða á verði eins og borgar aðeins grunnverð fyrir börnin.\* Þessi hátíðargjöf er eingöngu bókanleg í gegnum netfangið [sertilbod@icelandexpress.is](mailto:sertilbod@icelandexpress.is)

**Ferðatímabil:** 29. nóv. 2011–31. jan. 2012

Hátíðargjöfin er í boði í 48 klukkustundir, eða frá kl. 09:00 í dag til kl. 09:00 miðvikudaginn 30. nóv.

\*Börn 2-11 ára: London 20.472 kr. / Køben 19.138 kr. / Berlín 19.531 kr.

Gildir fyrir flug fram og til baka með sköttum og öðrum greiðslum.

Tilboðið gildir aðeins til áramóta til Berlínar.

**Iceland Express**



## KJÖRKASSINN



Á að borga leikskólakennurum Reykjavíkur fyrir matartíma?

Já 77,7%  
Nei 22,3%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telurðu að Ögmundur Jónasson hafi brugðist á réttan hátt við beiðni Huangs Nubo um kaup á Grímsstöðum á Fjöllum?

visir

Formaður segir af sér:

## Hefur sagt sig úr flokknum

**STJÓRNMÁL** Kristbjörg Þórisdóttir hefur sagt af sér sem formaður Landssambands framsóknar-



KRISTBJÖRG ÞÓRISDÓTTIR

kvenna og sagt sig úr Framsóknarflokknum. Í yfirlýsingu frá Kristbjörgu segir að ástæða úrsagnarinnar sé sú að hún telur sig ekki eiga sameið með flokknum. „Framsóknarflokkurinn hefur unnið mikið verk að ákveðnum breytingum. Ekki hefur þó verið gengið eins langt í grundvallarbreytingum og ég hefði viljað sjá,“ segir Kristbjörg meðal annars í yfirlýsingu sinni. - sv

Síbotamaður áfram í gæslu:

## Grunaður um fjölmörg brot

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að síbotamaður skuli sæta gæsluvarðhaldi til 22. desember.

Maðurinn hefur oft komið við sögu lögreglu að undanfögnu. Nú er hann grunaður um þjófnaði, gripdeildir, fjárvik, nytjastuld, skjalafals, aðild að ránum og umferðarlagabrot, allt frá því um miðjan september. Maðurinn hefur hlotið fjöldamarga fangelsisdóma fyrir sams konar brot. Þykir, að mati lögreglu, ljóst að hann hafi einbeittan brotavilja og virðist ekkert lát vera á brotastarfsemi hans. - jss

## MAROKKÓ

### Íslamistaflokkur sigraði


Flokkur hófsamra íslamista vann sigur í þingkosningum í Marokkó um helgina.

Pútín formlega tilnefndur forsetaframbjóðandi á landsþingi flokks síns:

## Varar Vesturlönd við afskiptum

**RÚSSLAND, AP** Vladímír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, varar Vesturlönd við því að skipta sér af forsetakosningunum í Rússlandi, sem haldnar verða á næsta ári.

„Öll okkar erlendu samstarfsríki verða að skilja þetta, að Rússland er lýðræðisríki. Rússland er áreiðanlegur og trúverðugur samstarfsaðili sem þau geta og verða að ná samkomulagi við, en geta ekki troðið neinu upp á utan frá,“ sagði Pútín í ræðu á landsþingi stjórnmálaflokks síns, Sameinaðs Rússlands. Á þinginu var tilnefning hans sem forsetaframbjóðanda



Á LANDSPINGI SAMEINAÐS RÚSSLANDS Medvedev forsætisráðherra og Pútín forseti ræða stólaskiptin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

flokksins samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Pútín gat ekki boðið sig fram til forseta árið 2008 eftir að hafa setið tvö kjörtímabil í embættinu, en hefur verið forsætisráðherra í eitt kjörtímabil og getur nú samkvæmt stjórnarskránni boðið sig fram til forseta á ný.

Dmitrí Medvedev, sem gegnt hefur forsetaembættinu þetta eina kjörtímabil, reiknar með að skipta við Pútín og verða forsætisráðherra næsta kjörtímabil.

Stólaskipti þeirra hafa verið gagnrýnd sem sýndargjörningur, sem eingöngu þjóni þeim tilgangi að tryggja Pútín völdin. - gb

## Hátt í hundrað ný tilfelli á hverju ári

Nýskráð tilfelli átröskunarsjúklinga hjá Landspítalanum eru í kring um hundrað á hverju ári. Fjöldinn hefur haldist nokkuð stöðugur á síðustu árum. Innlagnir sjúklinga eru óalgengar og markvisst er unnið að meðferð aðstandenda.

### HEILBRIGÐISMÁL

Nýgengi átröskunarsjúkdóma hér á landi hefur haldist svipað undanföngu fimm ár. Síðan í janúar síðastliðnum hafa 79 einstaklingar leitað til geðdeildar Landspítalans vegna átröskunar, segir Sigurlaug María Jónsdóttir, sálfræðingur í átröskunarteymi spítalans á Hvítabandinu. Árið 2008 jókst nýgengið verulega, en þá leituðu fleiri en 100 einstaklingar eftir greiningu og meðferð.

Teymið sinnir átröskunarsjúklingum sem eiga við anorexíu og búlimíu að stríða. Sigurlaug segir um helming þjást af búlimíu, en um 10 til 20 prósent af anorexíu. Um 30 til 40 prósent fá greininguna óskilgreinda átröskun.

Hún segir það vart þekkjast hér á landi að sjúklingar láti lífið úr átröskunarsjúkdómum.

„Það þekktist ekki hér að bana-meinið sé átröskun eða anorexía. Aðrir þættir sem fylgja í kjölfarið, eins og kvíði, þunglyndi, áfengis- og vímuefnavandi, sjálfsskaðandi hegðun og vandamál við félagsleg samskipti, geta leitt til mikillar vanlíðunar og sjálfsvíga í einstaka tilfellum. Því er nauðsynlegt að vinna samhliða með þetta allt.“

Um 70 einstaklingar eru í einhvers konar meðferð á Hvítabandinu í dag. Sumir koma tvisvar til þrisvar í viku, aðrir eru í reglubundnu eftirliti og eftirfylgd. Þá er aðstandendum sjúklinga einnig sinnt markvisst með viðtölum og meðferð, en um 15 til 20 fjölskyldur eru í tengslum við deildina.

Komur átröskunarsjúklinga á BUGL hafa verið á bilinu 14 til 28 á síðustu tíu árum. Komur í ár hafa verið heldur fleiri en í fyrra, segir



ÁTRÖSKUN Búlimía er algengari greining en anorexía meðal sjúklinga sem eru 18 ára og eldri og leita sér hjálpar á Hvítabandi Landspítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

### Foreldrum ekki um að kenna

Rannsóknir hafa leitt í ljós að átröskun er ekki foreldrum að kenna.

„Við vinnum á þeim nóttum að foreldrar geti stutt unglinginn til bata,“ segir Margrét. „Einkenni fjölskyldu þar sem er einstaklingur með átröskun eru afleiðing sjúkdómsins, en ekki orsök, samkvæmt rannsóknum.“

BUGL hefur stuðlað að samvinnu við foreldra til að vinna markvisst á átröskunarsjúkdómum og hefur það gengið vel.

Margrét Gísladóttir, geðhjúkrunar- og fjölskyldufræðingur og teymisstjóri átröskunarteymis á göngudeild.

Líkt og á Hvítabandinu leggja stæstir sjúklinganna inn á spítalann en mikill meirihluti þeirra

er stúlkur. Aldursbilið er frá 13 til 17 ára, þó að í sumum tilvikum séu sjúklingar yngri, en það er ekki algengt. Fleiri sjúklingar fá greininguna anorexíu en búlimíu á BUGL.

sunna@frettabladid.is

Umdeild árá Nató:

## Samskiptin við Pakistan stíðna

**PAKISTAN, AP** Afganskir hermenn sem lentu í skotárás skammt frá pakistönsku landamærunum á laugardag óskuðu eftir loftárás frá Nató og sú árá varð 24 pakistönskum hermönnum að bana. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá afgönskum stjórnvöldum.

Atvikið hefur orðið til þess að samskipti Bandaríkjamanna og Pakistana eru stíðari en nokkru sinni fyrr. Nató segir að líklega hafi herþyrila frá bandalaginu gert árásinu. Rannsókn stendur yfir á atvikinu. - fb



HANDSAMA KRÓKÓDÍL Margir krókódílar hafa verið gómaðir í Bangkok að undanföngu. MYND/AP

Slæmt ástand í Bangkok:

## Fjöldi krókódíla gengur laus

**TAÍLAND, AP** Fjöldi krókódíla gengur laus í Bangkok, höfuðborg Taílands, eftir að verstu flóðin þar í hálfá öld urðu í landinu fyrr á árinu.

Um sex hundruð manns týndu lífi, auk þess sem um þrjú þúsund krókódílabú urðu flóðinu að bráð. Fjölmargir krókódílar sluppu úr þrisund sinni og hafa síðan þá gert íbúum Bangkok lífið leitt, rétt eins og fjöldi eittraðra snáka sem fjarlægðist heimkynni sín vegna flóðanna.

Einn íbúi Bangkok ætlaði á kamarinn í útihúsi og sá þá krókódíl sitja þar við hliðina. „Ég hef ekki farið á klósettið síðan. Ég pissa frekar í flösku,“ sagði skelkaður íbúinn. - fb

Ítölsk dagblöð:

## AGS undirbýr stórlán til Ítalíu

**ÍTALÍA** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hyggst útvega allt að sex hundruð milljarða evra, sem stæðu Ítalíu til boða til að hjálpa landinu yfir versta hjallann.

Þetta fullyrða ítölsk dagblöð. Þau segja að þetta fé eigi að duga til að tryggja Ítöllum nægilegt fé í eitt eða eitt og hálf ár. Mario Monti, hinn nýi forsætisráðherra landsins, fengi þar með næði til að draga saman ríkisútgjöldin. - gb

## Nýjustu heyrnartækin og ókeypis heyrnarmæling

Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og kynntu þér nýjustu heyrnartækin sem við höfum að bjóða. Þú trúir örugglega ekki þínum eigin augum - hvað þá eyrum!

### HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin • Kringlunni  
Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



# Góð ljón á góðu verði

umhverfisvæn og áreiðanleg



## 107



Verð frá kr. **2.080.000**

Bílasamningur kr. **23.851** á mán.\*

Eldsneytiseyðsla: **4,6L/100km\*\***

CO<sub>2</sub> útblástur: **103g/km**



## 206+ HDi-dísel

Verð frá kr. **2.590.000**

Bílasamningur kr. **29.627** á mán.\*

Eldsneytiseyðsla: **4,0L/100km\*\***

CO<sub>2</sub> útblástur: **104g/km**

\*\* Eldsneytiseyðsla og CO<sub>2</sub> útblástur eru miðuð við blandaðan akstur.

\*Miðuð við óverðtruggðan bílasamning til 84 mánaða í íslenskum krónum, 70% lánsþúfall og 6,95% vöxtum. Hlutfallstala kostnaðar er 9,75%. Aukabínaður á 206+. Álfelgur.

Ertu í leit að hentugum bíl sem veldur þér ekki vonbrigðum þegar þú ert kominn á þjóðveginn? Ertu í leit að fágun, áreiðanleika og nútíma þægindum á verði sem þú hefur efni á. Þá eru Peugeot 107 og 206+ raunhæfir kostir sem koma þér á óvart hvað varðar öryggi, sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Komdu og kynntu þér 107 og 206+, vel tamin ljón sem leika við hvern fingur.



**PEUGEOT**  
MOTION & EMOTION



Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

# Í KLÓM DALALÆÐUNNAR

Blátt Fregnesi

Í klóm dalalæðunnar

„Full af sprengikrafti hugmynda ...  
teygir sig inn í sálarlíf lesandans og  
hreyfir þar rækilega við honum.“

– Úr umsögn dómnefndar um Bókmennta-  
verðlaun Tómasar Guðmundssonar



Verðlaunaljóð  
með sprengikraft

VERÖLD



FÉLAG  
KVIKMYNDAGERÐARMANNA

Félag kvikmyndagerðarmanna auglýsir eftir umsóknum til úthlutunar úr höfundasjóði félagsins fyrir kvikmyndir sem frumsýndar voru í sjónvarpi eða kvikmyndahúsum, gefnar út á DVD, eða birtar með öðrum hætti fyrsta sinn á árinu 2010.

Rétt til úthlutunar skv. samþykktum FK eiga:

- Kvikmyndastjórar (ekki leiknar myndir)
- Kvikmyndatökumenn
- Klipparar
- Hljóðhöfundar
- Ljósahönnuðir

Þessi úthlutun tekur eingöngu til þeirra kvikmyndaverka sem sýnd voru eða gefin út árið 2010.

Umsóknareyðublað er að finna á vef félagsins [www.film-makers.is](http://www.film-makers.is)

Umsóknir skulu berast  
Félagi kvikmyndagerðarmanna,  
Hverfisgata 54, 101 Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til 10. desember 2011.  
Ekki verður tekið tillit til umsókna sem berast eftir þann tíma.

Ákvörðun Arababandalagsins áfall fyrir sýrlensk stjórnvöld:

## Refsiaðgerðir gegn Sýrlandi

**SÝRLAND, AP** Arababandalagið samþykkti í gær refsiaðgerðir gegn Sýrlandi, í von um að það dugi til að fá sýrlensk stjórnvöld til að láta af aðgerðum gegn mótmælendum, sem kostað hafa fjölda fólks lífið.

Þetta er í fyrsta sinn sem Arababandalagið samþykkir refsiaðgerðir gegn ríki úr eigin röðum. Fyrir nokkrum dögum ákvað bandalagið að vísa Sýrlandi úr samtökunum.

Nítján af 22 aðildarríkjum Arababandalagsins greiddu atkvæði með refsiaðgerðunum, sem felast meðal annars í því að arabaríki hætta að fjárfesta í verkefnum í Sýrlandi

og viðskiptum við seðlabanka Sýrlands verður hætt. Þá verða eignir sýrlensku stjórnarinnar í ríkjum bandalagsins frystar.

Írak og Líbanon sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Sýrlensk stjórnvöld segja refsiaðgerðirnar lögleysu. Með þeim sé auk þess samstaða arabaríkjanna rofin. Þessi ákvörðun Arababandalagsins er mikið áfall fyrir sýrlensk stjórnvöld, ekki aðeins efnahagslega heldur einnig vegna þess að Sýrlendingar hafa litið á sig sem eitt helsta áhrifaríki bandalagsins.



ÚTFÖR HERFLUGMANNA Fjöldi hermanna mætti við útför nokkurra herflugmanna, sem vopnaðir uppreisnarmenn réðust á og drápu fyrir helgi.

NORDICPHOTOS/AFP

## Bændur geta framleitt sína orku sjálfir

Átak Bændasamtakanna og Landbúnaðarháskólans lýtur að því að kenna bændum að framleiða og nýta orku úr lífrænum hráefnum. Raunhæft er talið að bændur verði sjálfbærir um orku. Olúkaup í dag nema milljarði, er áætlað.

**LANDBÚNAÐUR** Bændasamtök Íslands (BÍ) og Landbúnaðarháskólinn (Lbhí) telja raunhæft að íslenskur landbúnaður verði sjálfbær um orku með því að nýta lífræn hráefni til orkuframleiðslu.

Átaksverkefni í orkumálum landbúnaðarins hefur verið hleypt af stokkunum með það að takmarki að minnka aðkeypta orku bænda um 20 prósent fyrir árslok 2015 og um 80 prósent fyrir árslok 2020.

Eins og segir í greinargerð til fjárlaganefndar frá BÍ og Lbhí miðar verkefnið að því að innleiða í íslenskan landbúnað þekkingu á framleiðslu og nýtingu orku úr lífrænum hráefnum, sem falla til á búunum eða í nágrenni þeirra, eða eru sérstaklega framleidd í þeim tilgangi.

Hagsmunirnir eru miklir fyrir bændur og samfélagið í heild. Áætluð olíunotkun landbúnaðarins í dag er um sjö milljónir lítra á ári. Það jafngildir um einum milljarði króna á núvirði miðað við verð á litadri olíu eða um 1,7 milljarðar króna á fullu verði. Þá er sparnaður vegna raforkunotkunar ekki meðtalin, en ekki hefur verið lagt mat á hversu mikil sú orkunotkun er.



ERNA BJARNADÓTTIR

### Hugmyndir og áhugi samstarfsaðila

Í nýjum tillögum starfshóps iðnaðarráðherra að orkustefnu fyrir Ísland eru hugmyndir í sama anda og fjallað er um í erindi BÍ og Lbhí. Eins í tillögum nefndar Alþingis um eflingu græna hagkerfisins sem liggja fyrir í tillögu til þingsályktunar á fyrirstandandi þingi. Orkustofnun hefur lýst eindregnum áhuga á að taka þátt í átaksverkefninu, segir í greinargerðinni. Aðrir áhugaverðir samstarfsaðilar eru Verkis – Verkfræðipjónusta, Skeljungur, Metan hf., Metanorka og Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Keilir auk erlendra samstarfsaðila.



Nýting lífrænna hráefna er margvísleg. Þekkt er framleiðsla huggass úr mykju en jafnframt eru möguleikar að nýta hálm, sem er aukaafurð kornræktar, til orkuframleiðslu. Repjurækt til olíuframleiðslu er þegar hafin og vaxtarmöguleikar fyrir hendi, eins og Erna Bjarnadóttir, forstöðumaður félagssviðs BÍ, útskýrir. Er þá aðeins fátt eitt talið.

BÍ og Lbhí hyggjast ráða sérstaka starfsmenn vegna verkefnisins tímabundið, en jafnframt koma sérfræðingar BÍ og skólans að vinnunni eftir því sem þörf krefur.

Þegar spurt er hversu raunhæft verkefni eins og þetta sé bendir Erna á að í Noregi sé stefnt á að landbúnaður þar í landi verði óháður jarðefnaeldsneyti árið 2030.

„Málið er komið á dagskrá hjá samtökunum en hversu kröftuglega við getum gengið til verks ræðst af því hve miklu fjármagni verður úr að spila og hvernig gengur að afla samstarfsaðila. Við finnum fyrir miklum áhuga“, segir hún aðspurð um fjármögnun verkefnisins en sótt er um 20 milljón króna ríkisstyrk og áframhaldandi stuðning við verkefnið til ársloka 2015.

Fjárfesting í átaki sem þessu, segir í greinargerðinni, hefur alla burði til að skila sér margfalt til baka til samfélagsins í aukinni sjálfbærni landbúnaðarins, minni gjaldþrotunotkun, auknu fæðuöryggi og fjölbreyttari atvinnu í dreifðum byggðum landsins.

svavar@frettabladid.is

Ford Transit sendibíll  
Verð án vsk frá 3.577.690 kr.  
Verð með vsk frá 4.490.000 kr.



Reglugerð Evrópu-sambandsins um hámarksútblástur gildir frá 01. 01. 2012.



Með Euro 5 er sérstök áhersla lögð á að draga úr myndun koldíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda.

Fáanlegur fjórhjóladrifinn (AWD)

## Ford Transit Standard heitur alla morgna



Nýtt tákni um gæði

Stilltu klukkuna að kvöldi og þú byrjar daginn heitur að morgni. Tímastíllanleg olíumíðstöð er staðalbúnaður í Transit. Vertu í hópi þeirra bestu. Kaupu Ford.



Ford Transit Connect sendibíll  
Verð án vsk frá 2.541.833 kr.  
Verð með vsk frá 3.190.000 kr.

Notaðu sérþjónustu atvinnubíla Ford  
Komdu í kaffi og spjallaðu við okkur. Segðu okkur hvað þú ert að pæla og við finnum örugglega hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.



brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is



# 39

Við ætlum að veita samfélagsstyrki úr Samfélagssjóði Landsbankans

AÐGERDIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU

## Landsbankinn veitir 35 styrki til verkefna í samfélaginu

**Fimmtán milljónum** króna var úthlutað til 35 verkefna úr Samfélagssjóði Landsbankans á föstudag. Fimm verkefni fengu eina milljón króna, tíu verkefni 500 þúsund krónur og tuttugu 250 þúsund króna styrk. Fyrirhugað er að úthluta samfélagsstyrkjum árlega.



Fulltrúar þeirra fimm verkefna sem fengu eina milljón króna í samfélagsstyrki.

**Landsbankinn þinn er heiti á stefnu Landsbankans. Bankinn er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.**

### Hlúð að samfélagsstarfi

Samfélagsstyrkjunum er ætlað að styðja við samfélagsmál af ýmsum toga, þar á meðal verkefni mannúðarsamtaka og líknarfélaga, verkefni á sviði menningar og lista, menntunar og vísinda, forvarna- og æskulýðsstarfs og sértækrar útgáfustarfsemi.

Alls bárust yfir 500 umsóknir að þessu sinni. Dómnefnd var skipuð fimm fagaðilum, fjórum utan bankans og einum innan bankans.

### Samfélagssjóður

Samfélagssjóður Landsbankans skiptist í samfélagsstyrki, námsstyrki, nýsköpunarstyrki og umhverfisstyrki. Við fyrstu úthlutun úr sjóðnum í júní voru veittir 16 námsstyrkir, 27 nýsköpunarstyrkir voru veittir í lok október og umhverfisstyrkir verða veittir í desember.

### Í takti við stefnuna

Með því að veita samfélagsstyrki er Landsbankinn að vinna í takti við nýja stefnu bankans. Við ætlum að takast á við skuldavanda heimila og fyrirtækja, bæta þjónustu og leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð og gott siðferði. Þjóðin á þennan banka og því fylgir mikil ábyrgð að vera Landsbankinn þinn.





- 1 Hvar átti að reisa 50 metra háa fánastöng?
- 2 Hvað heitir núverandi forsætisráðherra Egyptalands?
- 3 Hversu hátt hlutfall aðspurðra vilja byssulausa lögreglu?

SVÖR:

1. Á eyju við Akaborg í Danmörku. 2. Kamal el-Ganzour. 3. Um 70%

Alls hafa 1.312 fyrirtæki orðið gjaldþrota á árinu en 1.365 verið stofnuð:

## Sprenging í fjölda gjaldþrota

**EFNAHAGSMÁL** Alls hafa 1.312 fyrirtæki verið tekin til gjaldþrotaskipta hér á landi það sem af er ári, sem er um 69 prósentu aukning frá sama tímabili á síðasta ári. Þetta kemur fram í samantekt Hagstofu Íslands.

Alls urðu 600 fyrirtæki gjaldþrota fyrstu tíu mánuði ársins 2008. Á sama tímabili urðu 749 fyrirtæki gjaldþrota árið 2009 og 776 árið 2010.

Flest gjaldþrotin urðu hjá fyrirtækjum í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, 284 talsins. Alls urðu gjaldþrota 227 fyrirtæki


sem voru með heild- og smásöluverslun eða sáu um viðgerðir á ökutækjum. Þá fóru 168 fyrirtæki sem stunduðu fasteignaviðskipti í þrot, og 141 fyrirtæki í fjármála- og tryggingastarfsemi.

Alls hafa 1.365 einkahlutafélög verið stofnuð það sem af er ári, og hafa þau ekki verið færri síðustu ár. Fjöldinn er svipaður og á sama tíma í fyrra, en 2.151 fyrirtæki var stofnað fyrstu tíu mánuði ársins 2009, og svipaður fjöldi árið áður. Flest nýju félögin stunduðu heild- eða smásöluverslun eða viðgerðir á ökutækjum.

- bj

### Gjaldþrot 2008-2011

Fjöldi fyrirtækja sem fóru í þrot fyrstu tíu mánuði hvers árs.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

## Öryggi ábótavant á Arlanda: Uppgötvuðu ekki „sprengju“

**SVIÐJÓÐ** Könnun starfsmanna á Arlandaflugvælinum við Stokkhólm leiddi í ljós að hægt var að komast með platsprengju fram hjá skönnun í öryggiseftirlitinu. Einstaklingar sem starfsmenn þekktu ekki voru með platsprengju í handfarangri. Aðeins í eitt skipti af mörgum uppgötvaðist sprengjan.

Áður þurftu þeir sem hófu nám vegna starfa við röntgenskanna að hafa starfað í sex mánuði við öryggiseftirlit en nú eru kröfurnar ekki jafnmiklar. Fullyrt er að Securitas þurfi að spara.

- ibs

## Við bjóðum frábært verð

Umfelgun á fólksbíl 5490.- Umfelgun á smájeppa 6490.-

## Til eldri borgara:

Umfelgun á fólksbíl 4900.- Umfelgun á smájeppa 5900.-



SUNNY TIRES



Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is



Í FLÆÐARMÁLINU Baráttufólk minnr á mikilvægi loftslagsráðstefnunnar í Suður-Afríku. NORDICPHOTOS/AFP

Loftslagsfulltrúi SP hvetur til samkomulags:

## Segir mikið í húfi á loftslagsráðstefnu

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Christiana Figueres, yfirmaður loftslagsstofnunar Sameinuðu þjóðanna, hvetur fulltrúa á loftslagsráðstefnunni í Suður-Afríku til þess að taka ábyrga afstöðu og komast að samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Ráðstefnan er sú sautjándi í röðinni frá þeirri fyrstu, sem haldin var í Rio de Janeiro árið 1992. Tilgangurinn er að finna leiðir til að koma í veg fyrir hlýnun jarðar af völdum útblásturs gróðurhúsalofttegunda.

Kyoto-samningurinn, sem gerður var á þriðju ráðstefnunni í Japan árið 1997, rennur út á næsta ári og þurfa aðildarríki ráðstefnunnar að komast að samkomulagi

um það hvað við tekur. Dregist hefur árum saman að komast að slíku samkomulagi, meðal annars vegna ágreinings um það hvernig byrðarnar eigi að skiptast á milli auðugra landa og þróunarlanda.

Til umræðu á ráðstefnunni er, að sögn Figueres, „ekkert minna en áhrifaríkasta bylting sem mannkynið hefur séð í orkumálum, iðnaði og atferli.“

Bandaríkin, Japan og fleiri ríki vilja fresta enn frekar ákvörðun um framhaldið, og nú hafa Inland og Brasilía tekið undir það.

Lítill eyriki, sem eiga á hættu að sökkva í sæ takist ekki að stöðva þróunina, hafa lagt einna mesta áherslu á að samkomulag takist sem allra fyrst.

- gb

GEFÐU LÍFSVON – GEFÐU VATN



# GJÖF SEM SKIPTIR MÁLI

FÓLK ER AÐ DEYJA ÚR HUNGRI Í AUSTUR-AFRÍKU!

Með því að útvega hreint vatn og tryggja fæðu björgum við lífum

Þú getur hjálpað núna með því að greiða valgreiðslu í heimabanka

actalliance

Einnig:

- frjálst framlag á framlag.is
- gjafabréf á gjofsemgefur.is
- 907 2003 styrktarnúmer (2.500 kr.)
- söfnunarreikningur: 0334-26-50886 kt. 450670-0499



### KAUPTHING MANAGER SELECTION

Société d'Investissement à Capital Variable  
14, boulevard Royal, L-2449 LUXEMBOURG  
R.C.S. Luxembourg B 72 942

#### NOTICE

The shareholders are informed that the Board of Directors of the Sicav has decided with effect on November 28th, 2011 to liquidate KAUPTHING MANAGER SELECTION – EUROPE (hereinafter referred to as the “Sub-Fund”) for economic reasons and to the best of the shareholders’ interest due to the low level of net assets.

Furthermore, the Board had decided to suspend subscription requests for the Sub-Fund. No further subscription orders for the Sub-Fund will be accepted.

The last Net Asset Value will be the one dated November 28th, 2011.

The costs in relation to the liquidation of the Sub-Fund have been accrued into the NAV of the Sub-Fund.

All shareholders of the Sub-Fund will participate in the liquidation proceeds pro rata to their participation in the Sub-Funds.

The liquidation proceeds will be paid to the shareholders of the Sub-Fund, in one or more payments, as soon and to the extent that the Sub-Fund have received enough cash from the redemption of the holdings of the Sub-Fund to pay out the liquidation proceeds after having, as the case may be, paid or made appropriate provisions for all remaining liabilities, margin deposits for currency hedging transactions, costs and commissions.

The sums payable in respect of shares not presented for reimbursement at the close of the liquidation of the said Sub-Fund will be deposited at the custodian bank for a period not exceeding nine months as of the decision to liquidate the Sub-Fund. After this deadline, the assets will be deposited with the “Caisse de Consignation” in Luxembourg for the benefit of the persons entitled thereto.

The updated prospectuses dated June 2011 shall be available from the registered office of the SICAV and at the following paying agent Arion banki hf., Borgartúni 19, IS- 105 Reykjavík.  
Luxembourg, November 28th 2011


The Board of Directors

# BORGARFERÐIR

Spennandi helgarferðir í vor 2012



## ▼ AÐRAR BORGARFERÐIR Í BÖÐI:



### Höfuðborg Króatíu ZAGREB

Aðalmiðstöð menningar, lista og viðskipta.

Verð frá:

**104.900 kr.**

á mann í tvíbyli í 4 nætur á flottu 4 stjörnu hóteli

18.-22. apríl 2012



### Höfuðborg Írlands DUBLIN

Ein líflegasta borg Evrópu

Verð frá:

**89.900 kr.**

á mann í tvíbyli á 4 nætur

19.-23. apríl 2012



### Listamannaborg Englands BRIGHTON

Oft kölluð "Litla London"

Verð frá:

**94.900 kr.**

á mann í tvíbyli á 3 nætur

Brottfarir í mars, apríl og maí 2012.

### Höfuðborg Slóveníu

## LJUBLJANA

Gullfalleg, vinalæg og hlý!

*Ljubljana sameinar töfra liðinna alda og nútímans.*

*Í Ljubljana fáum við á tilfíringunna að við séum*

*í litlu fjallaþorpi og samt erum við í krafamikilli*

*menningarborg þar sem biður okkar fjöldi kaffihúsa,*

*veitingastaða, verslana, leik- og óperuhús.*

Verð frá:

**99.900 kr.**

á mann í tvíbyli í 4 nætur

18.-22. apríl 2012

*Þau eru ávallt stórfín, fríin með ...*

ÚRVAL-ÚTSÝN



Lán til VBS, Sögu og Aska í rannsókn:

## Sýndargerningar

**S**eint í mars 2009 samþykkti þá glænýr fjármálaráðherra að breyta ónýtum skammtímaskuldum nokkurra fjárfestingarbanka í langtímaskuldir á hlægilega lágum vöxtum. Bankarnir hétu VBS, Saga og Askar. Samtals var um að ræða lán upp á 52 milljarða króna. Lög heimiluðu þeim að eignfæra mismuninn á gjafarvöxtunum og markaðsvöxtum, sem voru tíu prósentustigum hærrí. Eins og hendi væri veifað var eigið fé þeirra orðið jákvætt. Á pappír.

### SKOÐUN

**Póður Snær Júlíusson**  
thordur@frettabladid.is



Þessi lán voru öðruvísi en sú fjárhagslega fyrirgreiðsla sem stjórnvöld höfðu áður veitt til fjármálakerfisins. Ríkið var ekki að setja stofnfé inn í banka þjá eða veita þeim víkjandi lán. Það var að halda lífi í ónýtum veðlánakröfum sem það hafði keypt af Seðlabankanum til að forða honum frá tæknilegu gjaldþroti í árslok 2008. Kröfurnar á bankana þrjá voru síðan seldar til Eignasafns Seðlabanka Íslands (ESÍ), dótturfélags Seðlabankans, í lok árs 2009.

Skemmst er frá því að segja að VBS tókst að lifa í tæpt ár eftir veitingu lánsins. Á þeim tíma tryggði ESÍ sér aukin veð í eignum VBS. Slitastjórn VBS hafnaði þessum veðtökum og sagði þær „ótilhlýðilegar ráðstafanir til hagsbóta fyrir Seðlabankann og ríkissjóð og til rökunar jafnræði kröfuhafa bankans“. Auk þess taldi slitastjórnin að 26,4 milljarða króna lán ríkisins til VBS hefði verið sýndargerningur þar sem Seðlabankinn og stjórnvöld hefðu vísvitandi dregið að setja VBS í þrot til að tryggja sér veð í eignum hans. Seðlabankinn féll á endanum frá veðtökunni.

Askar Capital fékk 6,3 milljarða króna lán frá ríkinu til að starfa áfram. Það var þó fjarri því að vera nægjanlegt til að bjarga bankanum og hann fór í slitameðferð sumarið 2010. Lýstar kröfur í búið nema 41 milljarði, sem er margfalt meira en ætlaðar eignir bankans eru. Saga fékk 19,6 milljarða króna lán frá ríkinu og setti lánið í sérstakt félag sem hefur síðan verið yfirtekið af ESÍ. Saga er ekki farin á hausinn en hefur selt stærstan hluta af starfsemi sinni, fækkað starfsmönnum í tvo og misst bankaleyfið.

Ekki er ljóst hvernig ofangreindar kröfur eru bókfærðar hjá ESÍ. Um það vill Seðlabankinn ekki upplýsa. Í síðustu viku lýsti Ríkisendurskoðun hins vegar þeirri skoðun sinni að rekstur ESÍ færi illa saman við dagleg og lögbundin verkefni Seðlabankans. Endurmeta þyrfti tilvist ESÍ og Seðlabankinn ætti að íhuga „hvort það væri ekki í þágu hagsmuna hans að selja eignir félagsins eða félagið í heild sinni“. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) tilkynnti á miðvikudag að hún ætlaði að hefja formlega rannsókn á lánunum til Sögu, VBS og Aska Capital.

Hér að ofan er ekki verið að lýsa leikfléttu í skýjaborg fjárglæframanns. Hér er ekki um hraðsoðna reddingar-viðskipta-áætlun frá 2007 að ræða. Hér eru stjórnvöld og Seðlabanki að selja á milli sín eignir, veita lánafyrirgreiðslur sem eru andstæðar allri almennri skynsemi og brjóta á öðrum kröfuhöfum til að halda uppi virði ónýtra eigna. Á pappír.

Miðað við þá heilögu vandlætingu sem ráðamenn hafa ausið yfir fyrrverandi gerendur í íslensku viðskiptalífi hefði seint talist sennilegt að þeir færu að beita sömu meðölum. Annað virðist þó vera upp á teningnum.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

## VITAMÍNDAGAR

**20%** afsláttur af Biomega vítamínum



**Lyfjaval APÓTEK**

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Klofin ríkisstjórn

Ríkisstjórnarsamstarf Samfylkingar og Vinstri græns stendur tæpt þessa dagana. Mikill þirringur er í Samfylkingunni út í samstarfsflokkinn og er ekki að sjá að flokkarnir gangi í takt í mörgum málum. Nýjasta dæmið er afstaða til beinnar erlendra fjárfestingar. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, VG, ætlar að leggja fram þingsályktunartillögu sem felur í sér að öllum útlendingum verði bannað að kaupa land á Íslandi. Hefur mátt skilja af þingmönnum Samfylkingar að þeir vilji fara í þveröfuga átt og opna landið frekar fyrir erlendra fjárfestingum.

#### Veikur meirihluti

Sigmundur Ernir Rúnarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, segist þurfa að íhuga alvarlega hvort hann geti stutt ríkisstjórnina áfram. Munar um minna þar sem meirihluti stjórnarflokkanna á þingi er einn maður. Boðað brotthvarf Atla Gíslasonar af þingi styrkir þó meirihlutann.

#### Gjaldeyrissparnaður

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, flutti ræðu á miðstjórnarfundum flokksins í



Borgarnesi á laugardag. Hann fór yfir stöðuna í innlendra sem erlendri pólitík. Eins og gengur og gerist í löngu máli má hins vegar fetta fingur út í eitt og annað. Til að mynda var hann harðorður í garð þeirra sem hafa viljað innleiða hefðbundin markaðslögmál í landbúnaðarframleiðslu og benti meðal annars á að landbúnaðurinn spari Íslendingum tugi milljarða á gjaldeyri á hverju ári. Það er alveg rétt en spurningin er þá af hverju við flytjum nokkurn skapadán hlut inn til landsins. Af hverju framleiðum við til dæmis ekki bíla á Íslandi?

magnusl@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Að hirða arðinn af veiðunum

#### Sjávarútvegur



**Kristinn H. Gunnarsson**  
fv. alþingismaður

Það leggst illa í LÍÚ að greiða ríkinu gjald fyrir að nýta gjöful fiskimið við landið. Framkvæmdastjóri þess kallar það í grein í Fréttablaðinu að „hirða arðinn af veiðunum“ frá þeim sem skila íslensku þjóðarbúi miklum verðmætum. Greiddir voru 90 aurar fyrir hvert kg af makríl í árferði sem fer í annála fyrir methagnað.

Flaggskip íslenskrar útgerðar, Samherji, greiddi sjálfviljugt færeyska landssjóðnum í útboði 100 kr. fyrir veiðarétt í þeirra lögsögu og græddi væntanlega samt. Varla verður það kallað að hirða arðinn af veiðunum.

Færeyingar fengu 19 sinnum meira í veiðigjald af hverju kg en umbjóðendur LÍÚ greiddu í ríkissjóð. Ef sama hefði verið greitt hér hefði ríkið fengið 2,7 milljarða króna í stað 140 mkr. Ef kvótinn hefði verið boðinn upp þá hefðu útvegsmenn greitt það sem þeir treystu sér til.

Samherji verðlagði réttinn, færeyski makrillinn var seldur sem unnin afurð á sömu erlendu mörkuðum og sá íslenski og fyrir hann fékkst sambærilegt verð. Mat mitt um 9 milljarða kr. fyrir veiðaréttinn, að því gefnu að fjórðungur kvótans hefði verið boðinn upp, hefur frekar styrkst með nýjum upplýsingum um mun hærra verð á erlendum mörkuðum en miðað hefur verið við.

Stjórnlagabingið mun semja frumvarp að nýjum stjórnarskipunarlögum

En LÍÚ hefur þegar lagt línurnar. Vaxandi hluta kvótans veida útvegsmenn ekki sjálfir heldur leigja öðrum á markaði gegn gjaldi til sín. Þá hirða umbjóðendur framkvæmdastjóra LÍÚ allan arð af veiðunum og telja það eðlilegt. Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu var meðalleiguverðið á þorski síðasta fiskveiðiári 292 kr/kg. Af því greiddu útvegsmennirnir aðeins 6,44 kr. til ríkisins. Afganginn hirtu þeir í eigin vasa án nokkurs útgerðarkostnaðar. LÍÚ á að skammast sín fyrir það að bera blak af þessari taumlausu græðgi.

Það er mikill hagnaður á hverju ári af fiskveiðum umfram rekstrarkostnað og eðlilegan hagnað. Fjárhæðin er 35-45 milljarðar króna. Ætla má að ríkið fengi þessa fjárhæð að miklu leyti, ef veiðiheilmildum væri ráðstafað á markaði beint til þeirra sem veida. Óþarfi er að hafa milliliði. 71% kjósenda vill fara þá leið.

# „Nú er horfið Norðurland...“

Í DAG

**Guðmundur Andri Thorsson**  
rithöfundur



Ekki var Hagstofan fyrr búin að birta Þjóðhagsspá (yfirsjón hjá Davíð á sínum tíma að leggja hana ekki niður) þar sem segir að á árinu 2011 verði hagvöxtur í fyrsta sinn frá hruni – sem er mikill sigur fyrir Steingrím J. – en Ógmundur Jónasson brást snarlega við, hrifsaði til sín frétt vikunnar og tilkynnti að kínverski auðmaðurinn og ljóðskáldið Huang Nubo fengi ekki undanþágu frá lögum um fjárfestingar aðila utan Evrópska efnahagssvæðisins til kaupa á Grímsstöðum á Fjöllum. Ákvörðunin hafði auðvitað legið lengi fyrir en tilkynningartíminn augljóslega vandlega valinn. Í góðsemi vegur þar hver annan...

Og þar með urðu Norðlendingar af sínu nýja Fjallaskáldi, sem getur þá tekið undir með Kristjáni: „Nú er horfið Norðurland / nú á ég hvergi heima.“ Eða þannig. Þar með má með söknuði eftir því sem aldrei varð gæla við mynd úr framtíðinni: Lúxushótel á Grímsstöðum (tilgátuhús eftir ÁJ) þar sem allra þjóða yfirstéttarkvikindi sötra Manhattan með röri og skoða lopapeysuframleiðslu úr sveitinni og útskorna lunda á meðan hress æringjahljómsveit að norðlenskum hætti stritar við að skemmta; álgengar er tautandi próventukarl í sínum torfbæ, Ævar Kjartansson, rétt eina ferðina að skipta um glugga sem golfkúla hefur brotið en Huang sjálfur á þönum að bæta

í glösin hjá gestum – og þingmönnum kjördæmisins.

Allt er kátt og dátt...

## Erfitt að samreiðast

Eða var ekki alltaf einhver óraunveruleikablær á þessari bón og þessum áformum? Til eru þeir hagspekingar sem telja að allir eigi bara alltaf að fá að kaupa allt sem þeir vilja, alls staðar, en til allrar hamingju eru slík sjónarmið ekki lengur einráð við stjórn landsins. Það er svolítið erfitt að samreiðast þingmönnum Samfylkingarinnar um akkúrat

smeyk við þennan ómarkvissa stórhug. Fólki stendur ekki stuggur af þjóðerni eða uppruna þessa manns, en margir staðnæmast hins vegar við það að Huang Nubo kemur úr alræðisríki sem stjórnað er af lítilli klíku sem hann á auð sinn og frama að þakka. Það snýst ekki um þjóðerni heldur þjóðskipulag.

Skyldi annars nokkur vera andvígur því að Huang Nubo reyni fyrir sér í rekstri hér á landi? Kaupi Eddu-hótel einhvers staðar og læri á þennan sérstaka markað? Eða litla ferðaskrifstofu? Reki gistiheimili á Egilsstöðum í tvö ár?

í kjördæmi hinna bálvöndu þingmanna – að mann sundlar. Kaupið er gott hjá sjómönnum og í landi, útgerðarmenn græða á tá og fingri og sé allt með felldu tekur að vaxa kringum þessa auðsæld margvísleg þjónusta og starfsemi. Ferðabjónusta hefur vaxið jafnt og þétt og heldur áfram að gera það, hvað sem líður Huang Nubo; sigandi lukka reynist áreiðanlega best í þeirri atvinnugrein eins og öðrum og uppbygging innan úr samfélaginu fremur en að skrilljónamæringur komi að utan og búi til sitt privat-Disneyland.

Hafi þetta mál orðið til einhvers annars en að vera dæmigert skammdegisupphlaup þá ætti það að vera að vekja athygli á nauðsyn þess að stjórnvöld hugi að lagasetningu um eignarhald og nýtingu lands eins og Soffía Sigurðardóttir benti á í snjöllum pistli á vefsvæðinu Smugan. Í stóru-bólu sem blés út hér fyrir nokkrum árum urðu til alræmd félög auðmanna sem lögðust í ógurleg jarðakaup – allt upp á krít náttúrlega – í einhverjum draumi um að gerast jarlar yfir Íslandi. Víða voru þetta litlir aufúsgestir í sveitum landsins, spenandi um bæjarhlöðin í stórbokkaskap á þylrum og nýkeyptum góðhestum. Nú er þetta allt í einhverjum þrotabúum, sviðin jörð. Þáverandi stjórnvöld virtust þá láta sér þetta vel líka eins og allt annað á þeim skringilegu tímum þegar efnahagslífi þjóðarinnar var stjórnað eftir fyrirsögn Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar. En nú er sem sé komin ríkisstjórn sem hefur auðnast að vekja hagvöxt sem byggir ekki á væntingum og vild heldur raunverulegri starfsemi. Sú stjórn aðhyllist ekki þá hagspeki að allir eigi alltaf að fá að kaupa allt sem þeir vilja, alls staðar (út á krít). Vonandi sjáum við lagasetningu bráðlega sem tryggir að ekki verði meiri samþjöppun á eignarhaldi lands.

Sumir tala eins og málið snúist um útlendingahatur – jafnvel rasisma – en það er ekki satt: þetta er auðmannaótti. Við gjöldum varhug við því þegar kemur ofboðslega ríkur náungi með stórkostleg – en fullkomlega óljós – áform.

Þetta mál. Þess verður ekki vart að þeir svo mikið sem gaumgæfi önnur sjónarmið í þessu máli en þá hugsjón að krækja í sem mestan pééning. Og að þeirra hlutverk sé að skaffa hann: Bara að selja allt draslið á sem mestan pééning og svo vona það besta um áform og efnidir þess sem kaupir. Það skipti ekki máli heldur hitt: að fá pééning.

Sumir tala eins og málið snúist um útlendingahatur – jafnvel rasisma – en það er ekki satt: þetta er auðmannaótti. Við gjöldum varhug við því þegar kemur ofboðslega ríkur náungi með stórkostleg – en fullkomlega óljós – áform. Við erum hrædd við nýjan Gleðiglaum. Við erum

Tengist með einhverjum hætti því sem hann ætlar að kaupa? Ætli það hafi ekki fremur verið stærðin og stórhugurinn og einhver svona hugdettubragur á þessu öllu saman sem fólki stóð almennt stuggur af – þetta minnti á okkar eigin bóluþjána: engu líkara en að mættur væri innrásarvíkingur á svæðið með mjög óljósar hugmyndir aðrar en að hér væri allt á vonarvöl og því hægt að breiða úr sér.

## Eignarhaldsfélagið Sviðin jörð

En hér er ekki allt á vonarvöl. Sjávarútvegurinn aflar svo mikils fjár fyrir dreifðar byggðir landsins – þar á meðal

**BYLGJAN** 25  
ÁRA 989

**Heimir & Kolla**  
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur  
og frábær tónlist  
alla virka morgna  
kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og  
Gissur með fréttirnar



FJÖLVARP

Discovery  
CHANNEL

Alla virka daga kl. 18.00

MYTHBUSTERS

Discovery Channel er fánlegur í

FJÖLVARP ALLT

FJÖLVARP TOPPUR

FJÖLVARP FRÆÐSLA

FJÖLVARP LANDSBYGGD

# Í hjarta Reykjavíkur

Óskum eftir tilboðum í heildareignina  
að Lindargötu 37 og eignir félagsins  
að Vatnsstíg 16-18.

**Lindargata 37** er 11 hæða lyftuhús með 31 íbúð. Húsið er 3.772,5 birtir fermetrar að stærð, staðsett við Lindargötu.

Eignin selst í núverandi ástandi að innan, þ.e. rúmlega fohheld og fullbúin að utan.

**Vatnsstígur 16-18** er 3ja hæða og 19 hæða lyftuhús. Til sölu eru fyrstu 16 hæðirnar, alls 40 íbúðir, 5.665,7 birtir fermetrar.

Eignin selst í núverandi ástandi að innan, þ.e. rúmlega fohheld og fullbúin að utan.

Heimilt er að gera tilboð í  
aðra eignina eða báðar saman.

Nánari upplýsingar um  
eignirnar og einstaka íbúðir  
má sjá á [www.101skuggi.is](http://www.101skuggi.is)



101 Skuggahverfi er þyrping íbúðabygginga í miðborg Reykjavíkur á einum fegursta útsýnisstað borgarinnar þar sem íbúarnir njóta nálægðar við iðandi mannlíf og þjónustu sem miðborgin hefur upp á að bjóða. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Hátúni 2b í síma 594 4210 / 660 4210, netfang: [landey@landey.is](mailto:landey@landey.is)

101 SKUGGAHVERFI

LANDEY

101 Skuggahverfi | Hátúni 2b | 105 Reykjavík | Sími 594 4200 | Fax 594 4201 | [www.101skuggi.is](http://www.101skuggi.is)

Landey ehf. er dótturfélag Arion banka og fer með eignarhald bankans á nýbyggingum og fasteignarþróunarverkefnum.



**61 ED HARRIS LEIKARI** er 61 árs í dag „Mjög margar kvikmyndir eru frumsýndar löngu áður en þær eru tilbúnar.“

## Merkisatburðir 28. nóvember

- 1660** Konunglega enska vísindafélagið (The Royal Society of London for the Improvement of Natural Knowledge) stofnað í London. Félagið telur sig vera elsta lærdómsfélag heims sem enn er starfandi.
- 1700** Nýr still, gregoríska tímatalið, gengur í gildi á Íslandi. Til leiðréttingar eru dagarnir 17. til 27. nóvember felldir út, þannig að næst á eftir 16. nóvember kemur 28. nóvember þetta ár.
- 1821** Panama fær sjálfstæði frá Spáni.
- 1921** Til átaka kemur í Reykjavík er lögregla sækir rússneskan dreng heim til Ólafs Friðrikssonar ritstjóra, en Ólafur hafði komið með drenginn frá Rússlandi. Hann fékk ekki landvistarleyfi vegna sérstaks augnsjúkdóms sem hann var með og var því sendur úr landi aftur.
- 1971** Palestínsku hryðjuverkasamtökin Svarti september taka forsætisráðherra Jórdaníu, Wasfi Tel, af lífi.
- 1979** Breska kvikmyndin The Wall frumsýnd.
- 2004** Kísilgúrverksmiðjunni við Mývatn lokað.
- 2010** Uppljóstrunarvefurinn WikiLeaks hefur birtingu á um 250.000 leyniskjölum úr bandaríska utanríkisráðuneytinu.

ÞETTA GERÐIST 28. NÓVEMBER 1990

## Thatcher kveður Downing Street 10

Margaret Thatcher, forsætisráðherra Breta, afhenti Elísabetu II Englandsdrottningu uppsögn sína í Buckingham-höll að morgni 28. nóvember 1990. Fyrir morguninn hafði Thatcher yfirgefið forsætisráðherrabústaðinn við Downing Street 10 í síðasta sinn.

Thatcher, sem hlaut viðurnefnið Járnfrúin í forsætisráðherratið sinni, táraðist er hún flutti kveðjuræðu til þjóðarinnar á tröppum forsætisráðherrabústaðarins fyrir um morguninn. Þar fullyrti hún að landið hefði tekið miklum framförum síðan hún tók við völdum árið 1979.



Það breytti þó ekki þeirri staðreynd að stjórnartíð fyrsta kvenkyns forsætisráðherra Bretlands var liðin undir lok eftir að hún hafði setið í embætti lengur en nokkur annar síðan 1827.

Fyrstu merkin um að Thatcher væri völt í sessi höfðu komið fram ári fyrir þegar Sir Anthony Meyer bauð sig fram á móti henni sem formaður íhaldsflokksins. Thatcher sigraði þá kosningu með yfirburðum en varð að láta í minni pokanna fyrir John Major ári síðar.

Major settist í stól forsætisráðherra fáeinum dögum eftir að Thatcher kvaddi.



ÁSTRÍÐUFULLUR HROSSARÆKTANDI „Það er nú einu sinni hrossaræktin sem er drifkrafturinn í greininni,“ segir Hulda G. Geirsdóttir hrossaræktandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HROSSARÆKTIN 2011 KOMIN ÚT: ENDURVAKNING GAMALLAR BÓKAR

## Enn má gerast hestamaður

Þetta er hugmynd sem byggir á eldri bók sem hét sama nafni og Bændasamtökin gáfu út um árabíl,“ segir Hulda G. Geirsdóttir sem situr í ritstjórn bókarinnar Hrossaræktin 2011 sem út kom nýverið. „Í nokkur ár hefur þó ekki komið út neitt ársrit um hestamenskuna þar sem greint er frá því sem hæst bar á yfirstandandi ári og margir hafa saknað þess að fá ekki árbók með alls konar skemmtilegu efni til að fletta upp í.“

Hulda og fimm aðrir áhugamenn um hrossarækt tóku sig því saman um að hefja útgáfu slíkrar bókar að nýju. „Í bókinni eru umfjallanir um tíu efstu hross í hverjum aldursflokkum yfir landið, skrá yfir öll hross sem fengið hafa afkvæmaverðlaun, umfjöllun um landsmót og heimsmeistaramót, viðtöl, tölfræðigreinar og úttektir á ýmsum málum þannig að það má segja að þetta sé samantekt á öllu því sem skiptir einhverju máli varðandi hrossaræktina á yfirstandandi ári.“

Hulda segir fyrstu viðbrögð við bókinni hafa verið mjög góð og fullur áhugi sé á því að útgáfa slíks rits verði árlegur viðburður. „Ég vona að við höfum úthald og kraft í það að halda

áfram að gefa út svona rit og kannski eitthvað fleira,“ segir hún.

Bókin er mjög vönduð að allri gerð og Hulda segir það hafa verið ákveðið strax í upphafi að vanda til verka þótt það kostaði sitt. „Okkar kostnaðaráætlanir miða ekki við neinn sérstakan gróða,“ segir hún. „Það er miðað við það að koma út nokkurn veginn á sléttu og við höfum fulla trú á því að það takist. Það er gífurlegur áhugi á hrossarækt í landinu og við finnum það á viðbrögðunum að fólk kann að meta þetta framtak.“

Útgefandi bókarinnar er Hrossarækt ehf., félagsskapur sem stofnaður var á síðasta ári, hefur gefið út stóðhestatal og heldur úti vefsíðunni stod-hestar.com.

Mikið hefur verið rætt um það að undanfögnu að hestamenska sé orðin svo dýrt sport að einungis betur stætt fólk hafi efni á að stunda hana. Hulda segir hana vissulega vera dýra en það séu þó ýmsar leiðir til að komast í tæri við hesta án þess að leggja út í mik-

inn kostnað. „Það er hægt að koma að þessu frá svo mörgum hliðum. Þú þarft ekki að byrja með allt í botni til þess að geta verið hestamaður. Það er ýmis-



legt í boði fyrir þá sem hafa áhuga. Mörg fyrir-tæki bjóða bæði upp á reiðnámskeið og að taka hest í fóstur þannig að þú fái ákveðinn hest sem þú kemur að heim-sækja og sinnir. Það er sem betur fer enn þá til gott fólk í heiminum sem tekur við áhugasömum krökkum og styður þá og leyfir þeim að vera með sér í þessu. Auðvitað er það þannig með allt sport sem krefst ákveðins búnaðar að það kostar sitt, en ég held það sé enn þá hægt að verða hestamaður á Íslandi ef nægur áhugi er fyrir hendi. Tala nú ekki um að gerast hrossaræktandi. Það byrjar bara í hjartanu og svo vinna menn sig þaðan. Það er nú einu sinni hrossaræktin sem er drifkrafturinn í greininni. Það sem keyrir markaðinn og útflutninginn áfram er þessi mikli áhugi á ræktun.“

fridrikab@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma, **Olga María Karvelsdóttir (Marý)** Borgarvegi 12, Ytri-Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, laugardaginn 19. nóvember. Útför hennar fer fram frá Ytri-Njarðvírkirkju, fimmtudaginn 1. desember kl. 14.00.

Anna Karen Friðriksdóttir Kristjana Hafðis Hreiðarsdóttir Pétur Ægir Hreiðarsson Karvel Brualla Hreiðarsson Sonja María Hreiðarsdóttir Hreiðar Hreiðarsson Ingólfur Möller Jónson Sigrún Ósk Björnsdóttir Yvonne Brualla Salinas Þorvaldur Þorsteinsson Oddrún Sigurðardóttir barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**Guðrún María Björnsdóttir** Austurbrún 2, Reykjavík,

sem lést á líknardeild á Landakoti þriðjudaginn 22. nóvember, verður jarðsungen frá Fossvogskapelli þriðjudaginn 29. nóvember kl. 13.00.

Baldur V. Hannesson Elín Kristjánsdóttir Björn V. Hannesson Helgi Björnsen barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær unnusta mín, dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,

**Petrína Margrét Árnadóttir** Sólheimum 27, Reykjavík,

verður jarðsungen frá Langholtskirkju fimmtudaginn 1. desember kl. 13.00.

Guðmundur Mjólnir Þorsteinsson Árni Sigurðsson Kristófer Eiríkur Árnason Þorkell Árnason Viðar Már Ólafsson Kristófer Örn Kristófersson Kristinn Arnar Kristófersson Sigurbjörg Sigurðardóttir Sandra Ólafsdóttir Oddný Bergþóra Helgadóttir

## Baráttan um að fá að vaska upp

Háskólinn á Bifröst býður til hádegismálþings í húsnæði skólans í Reykjavík, á Hverfisgötu 4-6, fimmtu hæð í dag klukkan 12.

Kolbeinn Stefánsson, félagsfræðingur við Eddu – öndvegissetur flytur fyrirlestur sem nefnist „Efnahagslegt réttlæti. Launuð og ólaunuð vinna kvenna“ og Gyða Margrét Pétursdóttir, doktor í kynjafræði, aðjunkt við stjórnmálafræðideild HÍ, fyrirlestur sem kallast „Baráttan um að fá að vaska upp? Mýtur og staðreyndir um ólaun-ada vinnu kvenna.“

Kolbeinn hefur að undanfögnu vakið töluverða athygli fyrir rannsókn sína og Þóru Kristínu Þórsdóttur um kynhlutverk, atvinnuleysi og heimilisstörf í kjölfar bankahrunsins.

Gyða Margrét Pétursdóttir, doktor í kynjafræði, hefur að undanfögnu rannsakað karlmennsku í útrásinni en einnig áhrif hrunsins á kynhlutverk og karlmennsku. Hún mun í erindi sínu velja fyrir sér óraunsejum hugmyndum og mýtum í umræðunni um heimilisstörf og ræða gildi rannsókna og niðurstaðna Kolbeins.



KYNJAMÁL Kolbeinn Stefánsson og Gyða Margrét Pétursdóttir flytja fyrirlestra í húsnæði Háskólans á Bifröst í hádeginu í dag.



**Ullar- eða flísteppi** er kærkomin jólagjöf í hugum flestra enda fátt betra en að hjúfra sig undir hlýju teppi með jólabækurnar. Það er um að gera að velja lit sem tónar við stofuhúsgögnin enda eru þau oftast ekki notuð uppi í sófa.

# ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

**25% afsláttur af litakössum fram að jólum.**



LISTALAGERINN  
JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900. www.jarngler.is

Plötusnúðurinn Illugi eða DJ Platur á yfir sex hundruð kassettur í kössum.



*Forfallinn  
safnari*

MYND/ÚR EINKASAFNI

TECE:

Ideal  
STANDARD



Upphengt  
salerni með  
innbyggðum  
kassa



Tilboð  
45.000

ÍSLEIFUR  
JÓNSSON

Dragháls 14 - 16  
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00  
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is

Íslenski plötusnúðurinn Illugi, eða DJ Platur, er búsettur í Kaliforníu. Hann er forfallinn kassettusafnari og á yfir sex hundruð kassettur sem hann hefur safnað með hléum frá því að hann var strákur. „Það er ákveðin fortíðarþrá að baki en lengi vel var líka bara hægt að spila kassettur í bílnum mínum,“ segir Illugi. Kassettusafnið hans hefur vakið nokkra athygli en nýlega var fjallað um það í Wall Street Journal.

Illugi segist þó ekki safna hverju sem er, tegundin skipti ekki máli en kassetturnar verði að innihalda áhugaverða tónlist. „Ég leita aðallega að „old school“ rappi og „classic funk“. Þær eru flestar í góðu lagi og ég hlusta á þær öðru hverju. Það er alltaf gaman að rekast á „Demo tape“ eða prufuupptökur og ég á eina með KMD sem aldrei var gefin út og aðra með Beastie Boys og Biz Markie,“ segir hann. Hvenær keypti hann síðast kass-

ettu? „Í gær,“ segir Illugi og við-urkennir hlæjandi að eiginkonan hafi stundum áhyggjur af söfnun-aráráttunni. Kassetturnar séu þó geymdar í kössum úti í bílskúr og taki ekki mikið pláss. Honum finnst líka skemmtilegra að fletta í gegnum þær í kössunum frekar en að raða þeim upp í hillur.

En hefur hann einhvern tímann hent kassettu? „Bara ef hún hefur verið skemmd. Það á aldrei að henda tónlist.“ heida@frettabladid.is

**Gerið gæða- og verðsamanburð**

**Svefn & heilsa**  
★★★★★

**Sofðu vel um jólin**

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is



**Jólaserviottur og kerti** með hreindýrs-höfði eru nýjung hjá listakonunni Heklu Björk Guðmundsdóttur sem hannar undir merkinu Heklaísland.

**Samasem**

**Allt efni til innpökkunar fyrir verslanir og fyrirtæki.**

**Mikið úrval af körfum og glervösum.**

Samasem, Grensáveggi 22 B, 530 3500

**HOLLUR BITAFISKUR**  
+80% prótín  
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið



Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

**Pú getur gert kraftaverk**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

## Værðarvoð og teppi

**Brynja Emilsdóttir, textíl- og fatahönnuður, er þekkt fyrir hönnun sína þar sem hún notast við flækjuefni – nú síðast ljós og diskamottur. Brynja hefur nú hannað línu af værdarvoðum og teppum úr íslenskrri ull.**

Barnaföt og -vörur eftir íslenska hönnuði hafa sótt í sig veðrið síðustu misseri en litrík og mjúk barnateppi úr smiðju Brynju Emilsdóttur, textíl- og fatahönnuðar, eru auk þess íslensk framleiðsla. Teppin eru úr 100 prósent ull en nýlega bætti hún fullorðins-teppum við línuna.

„Fyrir síðasta Hönnunarmars tókum okkur nokkrar saman og ákváðum að sýna saman þar sem áhersla yrði lögð á íslenskt hráefni fyrir börn. Út úr því urðu til værdarvoðir og gólf- og leikteppi sem hugsuð eru fyrir ungarbörn að liggja á og síðar er hægt að nota á rúmið. Við kölluðum sýninguna Leikgleði en ég hef haldið því heiti fyrir barnateppin því mér fannst heitið lýsa þeim mjög vel. Núna nýlega bætti ég svo fullorðinsteppum við línuna, í tveimur litum,“ segir Brynja.

Þrjónið í værdarvoðinni er vélþrjónað klukkuprjón og gerir það teppið mjög létt og skemmtilegt. Íslenska ullin er þekkt fyrir að vera gróf en Brynja segir hægt að gera hana mun mýkri ef hún er þvegin upp úr hárnæringu og það er í góðu lagi að þvo teppin í þvottavél á ullarþrogrammi.

Þá eru gólfteppin handofin og eru eins mis-



Brynja Emilsdóttir er textíl- og fatahönnuður og hefur lagt æ meiri áherslu á barnatengda hönnun síðustu misserin. Auk barnateppanna eru barnasængurföt væntanleg frá henni.

jöfn að stærð og þau eru mörg. Barnateppin hennar Brynju fást til að mynda í Epal, Aurum og í Krambúðinni á Búðum á Snæfellsnesi en í Epal fást einnig stærri gerðir teppa. Brynja verður með opna vinnustofu 1. desember næstkomandi.  
juliam@frettabladid.is



Teppin eru íslensk hönnun og framleiðsla og eru úr 100 prósent íslenskrri ull.

Þrjónið í værdarvoðinni er vélþrjónað klukkuprjón.



Gólfteppin eru handofin og eru í ýmsum stærðum.

**HITA KÚTAR**

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Umhverfisvænn **frostlögur**

fyrir hita og kælikerfi

- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni – umhverfisvænt
- Léttir dælingu

Heildsöludreifing · Skemmuvegur 10 · Sími 567 1330 · www.hringas.is

Hringás

**Hiti í bústaðinn**

Ryðfríir neysluvatnshitara, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitara til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

Rafhitara fyrir heita potta

**Rafhitun**

Íslensk framleiðsla í 20 ár

Kaplahrauni 7a · Hafnarfirði · Sími: 565 3265 · www.rafhitun.is

**CREENSTONE**

Stórglæsilegar Vetraryfirhafnir

laxdal.is

**BERNHARD LAXDAL**

Laugavegi 63 · s: 551 4422

**Hollywood krullur!**

Triple barrel Pro-curler

**Kynningar:**  
Frá kl: 14:00-17:00  
1. des Lyfja Smáralind  
9. des Lyfja Lágmulá  
16. des Lyfja Smáralind

Dreifingaraðili S.Gunnbjörnsson ehf

**Á FERÐINNI**

Sölufulltrúar:  
Jóna María  
jmh@365.is 512 5473  
Brynja Dan  
brynjadan@365.is 512 5465  
Snorri  
snorris@365.is 512 5457



# GJAFAVARA

MÁNUDAGUR 28. NÓVEMBER 2011

**Kynningarblað**

Umbúðir  
Heimagerðir gjafir  
Persónuleg kort  
Dagatöl  
Myndabækur  
Sætt skraut



## TempraKON dúnsængur

100% hvítur gæsadúnn  
20% afsláttur  
kr. 37.900,-

## Heilsuinniskór

Innskór sem laga sig að fætin um og dreifa þyngd jafnt undir allt fótasvæðið.

Sendum frítt út á land - betrabak.is



Það kr. 3.900,-  
2 pör kr. 6.980,-  
3 pör kr. 9.990,-



## TempraKON dúnsokkar

Outlast hitajöfnunar efnið sér til þess að þér er hvorki of heitt né kalt! Ótrúlega vinsæl jólagjöf!

Kr. 5.990,-



TempraKON®



Ópið laugardag frá kl. 11-16 og virka daga 10-18 • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

## ÓRÓI ÚR GEISLADISKUM

Heimagerðar gjafir vekja alltaf fögnuð og hér er hugmynd að bráðskemmtilegum óróa sem gerður er úr geisladiskum. Hvort notaðir eru nýir óskrifðir geisladiskar eða gamlir sem hætt er að hlusta á er val hvers og eins.

Byrjið á að líma tvo geisladiska saman þannig að gljáandi hliðarnar snúi út.

Gerði síðan göt í gegnum diskana nærri kantinum efst og neðst og þræðið band í gegn. Hafið u.p.b. 5 sentimetra á milli diska á bandinu.

Fjöldinn fer eftir smekk hvers og eins. Úr verður glæsilegur órói sem endurkastar ljósi á fallegan hátt og er tilvalið að hengja í glugga.



## ÓDÝR EN FALLEG GJÖF

Vinnustaðir efna margir til jólagjafaleikja á aðventunni þar sem lagt er í púkk og starfsmenn draga svo gjöf upp úr hatti. Það er skemmtilegt og brýtur upp hversdaginn í vinnunni enda álagði oft mikið í desember. Það getur þó verið snúið að velja gjöf sem fellur í kramið hjá ólíkum hópi fólks. Flestir eru þó hrifnir af góðum kökum og ekki verra ef þær eru fallegar líka. Bakaðu piparkökur og skreyttu þær eftir kúnstarinnar reglum. Settu nokkrar saman í bunka og bittu um með slaufu. Sá sem dregur kökurnar upp úr hattinum verður örugglega ánægður.



## ÞRIFALEG GJÖF

Góðverk af ýmsum toga eru sniðug jólagjöf. Desember er annasamur hjá mörgum og ýms ætlunarverk nást ekki fyrir jól. Jólahreingningin er eitt af því sem situr á hakanum hjá mörgum en er þó eitt af því sem flesta langar að koma í verk fyrir jólin. Sjáðu af klukkutíma á aðventunni og heimsæktu ættingja og vini með skúringamoppuna í hendinni. Þeir verða örugglega glaðir að sjá þig.



# Búðu til jólakort með mynd á netinu

Fyrirtækið Samskipti býður fjöldann allan af skemmtilegum vörum til jólagjafa sem hægt er að merkja á persónulegan hátt. Margt er hægt að panta á netinu eins og til dæmis jólakort, dagatöl, spil, bolla og prentun á striga svo eitthvað sé nefnt.

Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af gjafavörum sem hægt er að merkja á persónulegan hátt með til dæmis myndum af fólki, viðburðum eða hverju því sem fólk telur að veiti ánægju þeim sem það vill gleðja,“ segir Þórður Mar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Samskipta.

Hann segir persónulegar myndir á striga, eins og af börnum, mjög vinsælar. „Það er hægt að prenta mjög stórar myndir á striga en algengasta stærðin er 30x40 cm. Annars eru nánast engin takmörk á stærðinni. Þessar myndir eru mjög vinsælar til jólagjafa, eins og til ömmu og afa og fólk vill gjarnan eiga slíkar myndir af börnunum sínum.“

Gjafavaran hjá Samskiptum er einstaklega skemmtileg, bæði til tækifærisgjafa en ekki síður til jólagjafa. „Það gleður mömmur og ömmur sérstaklega að fá kerti með mynd af barninu eða barnabarninu sínu. Þær tíma bara yfirleitt ekki að kveikja á því,“ segir Þórður Mar og brosir. „Það er miklu skemmtilegra fyrir fjölskylduna að púsla saman mynd af einhverjum fjölskyldumeðlim heldur en landslagi. Þá má ekki gleyma myndadagatalinu sem alltaf slær í gegn.“

Samskipti er líka með segulmottur á ísskápinn. „Það er um að gera að nota hugmyndaflugið til að skreyta þær með myndum, skemmtilegum texta eða nánast hverju sem er. Mig langar einnig



Að sögn Þórðar eru persónulegar myndir á striga, myndabækur og myndadagatöl mjög vinsæl.



Fyrirtækið Samskipti býður upp á gott úrval af skemmtilegum vörum sem hægt er að merkja á persónulegan hátt.

að minnast á myndabækurnar sem njóta mikilla vinsælda. Fólk notar þær oft til að minna sig á merka viðburði í lífi sínu eins og til dæmis annáll ársins 2011, sumarið 2011, brúðkaupið 2011 eða verzlunarmannahelgin 2011.“

Þórður hvetur fólk til að fylgjast vel með vef Samskipta [www.samskipti.is](http://www.samskipti.is) á næstunni, því fyrirtækið sé í stöðugri þróun og uppfæri vefinn reglulega og bjóði þá upp á nýjar vörur og þjónustu.

## Sætar gjafir til skreytinga

Flestir hafa smekk fyrir sætindum. Því er ekki úr vegi að skreyta jólapakkana með fallegu sælgæti eða súkkulaðimolum. Sleikipinna og annað skemmtilegt nammi í jólasveinalíki eða öðru sem minnir á jólin er hægt að fá í hinum ýmsu verslunum. Vel fer á því að binda eins og einn slíkan sælgætismola í gjafaborðann. Þannig verður ánægjan tvöföld á aðfangadagskvöldi.

Sælgæti má einnig nota til skreytinga heima fyrir. Sykurstafi má til að mynda hengja á jólatré eða á grenigreinar. Um er að gera að láta hugmyndaflugið ráða.



Sleikipinnar með jólapema eru skemmtileg viðbót við jólapakkann.



Gjafir skreyttar piparmyntubróstykri af ýmsum toga.

## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson Lögfræðingur Sími 897 8266 | Sigurður Samúelsson Lögfræðingur Sími 896 2312 | Bergur Steingrímsson Lögfræðingur Sími 896 6751 | Sveinn Eyland Lögfræðingur Sími 690 0820 | Þórarinn Thorarensen Lögfræðingur Sími 770 0309 | Kristberg Snjólfsson Sölufræðingur Sími 892 1831 | Eggert Maríuson Sölufræðingur Sími 690 1472 | Friðbert Bragason Sölufræðingur Sími 820 6022

## Við erum Landmark\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannaúði sem veitir afburðaðþjónustu! Fjórir löggiltir fasteignasalar. Áralöng reynsla.



Ástþór Reyni Guðmundsson  
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir  
Sölufrútrúi RE/MAX

audur@remax.is

## Vantar allar gerðir eigna á skrá

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

Auður Kristinsdóttir  
Sölufrútrúi RE/MAX Senter

## Uppgerð sérhæð með góðu útsýni á Nesinu

Fasteignamarkaðurinn er með á skrá sérhæð og bílskúr á Seltjarnarnesi.

Íbúðin er á efri hæð í þrjúþingi að Unnarbraut 17. Hún er 169,2 fermetrar ásamt 32,6 fermetra bílskúr.

Nánari lýsing: Gengið er inn í flísalagt anddyri með fataskápum. Inn af er gestasnyrting með flísalögðu gólfi. Veggir eru flísalagðir að hluta til. Hol er parketlagt. Stofa og borðstofa er með útgengi á vestursvalir. Eldhús er rúmgott, með eikarinnréttingu, kirsuberjainnréttingu og færanlegri eyju. Tvö rúmgóð herbergi, annað er með fataskápum. Badherbergi er flísalagt í hólf og gólf með sturtuklefa og innréttingu. Þvottahús er með innréttingu, skápum og skolvaski.

Efri hæð: Opíð rými með þakgluggum, vaski og lítilli innréttingu. Badherbergi er með badkari og þakglugga. Rúmgott herbergi með gott skápláss. Rúmgóð geymsla.



Íbúðin er á efri hæð í þrjúþingi að Unnarbraut 17. Bílskúr fylgir og sameiginlegur garður.

Á jarðhæð er innangengt úr sameign í sér bílskúr. Sameiginleg hjólageymsla. Húseign er

í góðu ásigkomulagi. Aðkoma er góð og næg stæði. Sameiginlegur garður er búinn leiktækjum.

Skoðanir fasteigna og leiguíbúða.  
Verðmót fasteigna.  
Pendo.is – 588 1200



## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Molby  
Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnbogi  
Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson  
Sölufrútrúi og  
lögg. leigumíðlari.



Tryggvi Kornellsson  
sölufrútrúi



Ásdís Írena  
Sigurðardóttir  
skjalagerð

530 6500

Skipholti 29a  
Opíð mán. – fös. frá kl. 9-17  
www.heimili.is



**Fannaöld 93 - einbýli á einni hæð.**  
Fallegt 205 fm einbýli á einni hæð með bílskúr. Hús í góðu ástandi staðsett innst í botnlanga. Þrjú herbergi og stofur. Fallegur suðurgarður.  
Sölusýning frá kl. 12:30 - 13:00. V. 49 m.  
"SÖLUSÝNING Í DAG"



**Fensalir 4 - Laus fljótlega.**  
Mjög fallegt 3ja herbergja 102,1 fm íbúð á 3 hæð í litlu 3ja hæða nýmáluðu fjölbýlishúsi við Fensali í Kópavogi.  
Sölusýning kl 17:30 - 18. Áhv. 19,4 m. V 25,7 m.  
"SÖLUSÝNING Í DAG"



**SÆVARGARÐAR 18, 170 SELTI**  
Mjög fallegt og vel skipulagt radhús á tveimur hæðum innst í botnlanga á eftirsóttum stað á Seltjarnarnesi. Áhv. mjög hagstæð lán. V 52 m.  
OPÍÐ HÚS NÆSTKOMANDI MÍÐVIKUDAG (30 NÓVEMBER) FRÁ KL 12:30 - 13:00.




**Barðastaðir - einstök staðsetning**  
Mjög vandað 172 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 38,3 fm bílskúr. Góð staðsetning. Strandlengjan, laxá og tveir golfvellar ásamt fallegum göngu- og hjólaleiðum í næsta nágrenni.



**Suðurgata - Akranes**  
Glæsileg mikið endurbætt 285 fm efri sérhæð. 5-6 svefnherbergi, 43 fm bílskúr, stórar stofur og góður garður. V. 36,5



**Bárugata - Gistiheimili**  
Til sölu reisulegt falllegt 440 fm einbýlishús/atvinnuhúsnæði í hjarta borgarinnar. Húsið er á fjórum hæðum. Kjallari, tvær hæðir og ris. Húsinu fylgir sérstandandi bílskúr innréttaður sem íbúðarhúsnæði. Húsið stendur á eignarlóð. V. 145,0 m.



**Hagamelur - Atvinnuhúsnæði.**  
Til sölu 80 fm verslunarhúsnæði. Húsið er staðsett í gamalgrónum verslunarkjarna við Hagamel í Reykjavík. Í húsnæðinu er í dag rekið Hagabakarí en húsnæðið getur hentað fyrir ýmsa aðra þjónustu. V. 15,5 m.



**Hraunbær - góð 2ja.**  
Góð 2ja herbergja 50 fm íbúð. Íbúðin er mikið endurnýjuð og litur vel út í alla stæði. Góð staðsetning. V. 12,9 m



**Flétturimi - 4ra +bílskúr**  
Rúmgóð 4 herbergja íbúð ásamt bílskúr með sérinnangi. Parket á gólfum, flísalagt badherbergi og sér þvottahús. Suðursvalir. Stutt í skóla og þjónustu. V. 24,9m



**Kóningsbakkí - 4ra Herbergja**  
Falleg 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. Íbúð og sameign velviðhaldin. Parket á gólfum. Endurnýjað badherbergi. V 18,9m



**Víkúras - Árbæ.**  
Mjög góð 57,6 fm 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Víkúras í Árbænum. Íbúðinni fylgir 22 fm stæði í bilageymslu. Áhv. 12,1 m. V 14,9 m.



**Kleppsvegur - 4ra herb útsýni**  
Vel skipulögð mikið endurbætt 100 fm íbúð í suðvesturenda. Íbúðin er á 6. hæð í lyftuhúsi. Góðar svalir og frá eigninni er mikið útsýni til allra átta. V. 22,9 m. Áhv 18,8 m



**Stangarholt - 5 herbergja**  
Vel skipulögð 110 fm íbúð á tveimur hæðum. Góð staðsetning, stutt í skóla og alla þjónustu. Miklir möguleikar. V. 21,5 m.



**Höfum kaupendur að:**  
• 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir miðsvæð  
• sérhæðum í hverfum 105 og 108  
• sérþýli í Garðabæ  
• 3ja og 4ra herbergja íbúðum í Kóp.  
• 2ja íbúða húsum.  
• Góðar greiðslur í boði fyrir réttu eignina.  
Allar upplýsingar hjá sölumönnum.

Höfum kaupendur að flestum tegundum fasteigna.



**Laugarásvegur - 104 Rvík.**

Eitt glæsilegasta einbýlishús landsins, 422 fm, á frábærum stað miðsvæðis í borginni. Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Stórar stofur, aukin lofthæð, vandaðar klassískar innréttingar. Fallegur gróinn garður, verönd með heitum potti. Fallegt útsýni yfir Laugardalinn. Einstök eign.



**Mánatún - 105 Rvk**

Ný 143.9 falleg 3ja herb íbúð á 2. hæð í þessu glæsilega fjölbýlishúsi í hjarta Rvk. Gólfstíðir gluggar. Tvö stæði í bílagæmslu fylgja ásamt sér geymslu í sameign. Gólfplötur eru tvöfaldar sem eykur mjög hljóðeinangrun.

Vantar 3ja herb íbúð  
í lyftuhúsi í 101-108

Vantar 3ja-4ra herb.  
íbúð í salahverfi Kóp.

Vantar 150-200 fm sérbýli,  
par, raðhús eða hæð í 101

Erum með 4ra herb íbúð í  
Sjálalandshverfi í skiptum fyrir  
einbýli í Garðabæ



**Blikanes - 210 Gbæ**

337,4 fm einbýli auk 49 fm tvöf. bílskúr, samtals 386,4 fm. Stór 1.620 fm. eignarlóð, frábært útsýni. Stórar stofur, sér hjónasvíta. Séríbúð á jarðhæð.



**Kvísartunga - 270 Mos**

Fallegt 242,6 fm parhús á tveimur hæðum, þar af 24 fm bílskúr. Laus strax, þarfnast lagfæringa. Verð 39.7 millj.



**Hamrabýggð - 220 Hfj**

193,7 fm 5 herb. einbýli þar af 35 fm bílskúr. Snrtilæg eign í nálægð við golfvöll. Timburverönd með heitum potti. Auðveld kaup, lítil útborgun.



**Norðurbrú - 210 Gbæ**

Snrtilæg 106,4 fm 3ja herb. íbúð á jarðhæð með sér afgirta verönd í Sjálalands- inu. Verð 26.9 millj.



**Kringlan - 103 Rvk**

91,1 fm 3JA herb. íbúð á 1.hæð með sérinnangang. Tvær parketl. stofur. Gengið úr stofu á sólpall. Verð 28.9 millj



**Norðurbakkí - 220-Hfj**

131,5 fm glæsileg 3ja til 4ra herb. endaíbúð á 3. hæð í lyftuhúsi ásamt 2. stæðum í bílagæmslu. Þvottah. í íbúð. Fataherbergi við hjónah. Mikil útsýni m.a. yfir höfnina og víðar



**Huldubraut - 200 Kóp**

258.7 fm parhús með innbyggðum bílskúr. Snrtilæg eign með arin í stofu. Stór timburverönd á baklóð. Laus strax. Verð 57 millj.



**Rauðavað - 110 Rvk**

Einstaklega falleg og vel skipulögð 83,9 fm. 2ja herb. íbúð með sérinnang. Útgengi út á stóra sólvörönd. Skipti á stærri eign. Stæði í bílagæmslu. Verð 20.9 millj.



**Seilugrandi - 107 Rvk**

207,3 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 23.4 fm innb. bílskúr á þessum vinsæla stað. 3. stór svefnh., hægt að bæta við 1-2. Stór verönd og gróinn garður. Verð 67,5 millj.



**Lækjarhjálli - 200 Kóp**

220 fm vel staðsett og notaleg efri sérhæð og hluti af jarðhæð ásamt rúmgóðum bílskúr í suðurhlíðum Kópavogs. Tvær íbúðir, báðar með sérinnangangi. LÆKKAÐ VERÐ: 44.8 millj.



**Hringbraut - 107 Rvk**

Sjarmerandi 145,1 fm parhús á þremur hæðum á vinsælum stað í Vesturbænum. Sér innangangur, góðar stofur, 3-4 svefnherbergi, gróið umhverfi



**Fálkagata - 107 Rvk**

111.6 fm 3ja herb. íbúð sem skiptist í hol, stofu, eldhús, 2 svefnh., bað, þvottah. og geymslu. Stutt í Háskólann. Verð 27.4 millj



**Engjasel - 109 Rvk**

155.4 fm 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum, stæði í bílagæmslu. Tilvalin eign fyrir laghenta. Eignin laus strax. Verð 23.9 millj.



**Brautarland - 108 Rvk**

191,3 fm. fallegt raðhús á einni hæð með 29,8 fm. bílskúr. 4-5 svefnherbergi, yfirbyggð suðurverönd. Fallegur gróinn garður. Einstök eign á veðursælum stað.



**Naustabryggja - 110 Rvk**

Glæsilegt 239,2 fm. endaraðhús. 3-4 svefnh., stórar suðursvalir. Vel hannað. Útsýni yfir Esjuna og sundin. Lækkað verð 55,9 millj.



**Ásakór - 203 Kóp**

103,6 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í 6. hæða lyftuhúsi sem skiptist í anddyri, 2 svefnh., bað, þvottah., eldhús og stofu. ÍBÚÐIN ER TIL AFHENDINGAR STRAX.



**Brúnavegur - 104 Rvk.**

62,8 fm. glæsileg íbúð á efri hæð auk u.þ.b. 30 fm. herb. í kj. og bílskúr. Sér innangangur. Húsið er hannað af Sigvalda Thordarson.



**Álfkonuhvarf - 203 Kóp**

90 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð með afgirtum garði. Vel skipulögð og falleg íbúð. 2 svefnh. Rúmgótt bað. Þvottahúsin innan íbúðar.

**OPIÐ HÚS mánud. 28. nóv 17:30-18:00.**



**Fjarðarás - 110 Rvk**

264,6 fm fallegt einbýlishús á 2 hæðum, vel staðsett fyrir neðan götu, innst í götunni. Fallegt útsýni. Húsið er í dag nýtt sem tvær íbúðir.

## Atvinnufasteignir



**Fiskislóð - 101 Rvk**

Til sölu eða leigu á Fiskislóð í Reykjavík. Heildarstærð húsnæðisins er 3.440,3 m². Meðalhæð hússins er 8,95m en mesta hæð 9,8m. Stærð lóðar er 6.244m². Eignin skiptist í grundval-laratriðum í tvo hluta, verslunarrými og iðnaðarrými og/eða þjónusturými. Staðsetning húsnæðisins er afar góð. Mikil uppbygging hefur átt sér stað á þessu svæði undanfarið ár og hafa stór og öflug fyrirtæki séð mikla kosti í því að vera með starfssemi sýna við miðborgina.



**Klettgarðar - 104 Rvk**

3248,1 fm verslunar og lagerhúsnæði við Klettgarða. Húsið stendur á 6.574 fm lóð, mikið af bílastæðum og gott athafnasvæði. Húsið skiptist í stóran sýningarsal, skrifstofu, matsal, verkstæði og lager. Verð 410 millj.





### Lundur 86-92



Glæsileg fjölbýlishús í Fossvogsdalnum í Kópavogi. Lundur 86-92 eru þrjú 4ra – 6 hæða fjölbýlishús með samtals 52 íbúðum. Íbúðirnar eru frá 100-195 fm og eru þrjú til fjögurra herbergja. Staði í bílagæmslu fylgja öllum íbúðum. Leitast var við að hafa íbúðirnar bjartar og rúmgóðar með stórum gluggum og hita í gólfum. Leitid upplýsinga á skrifstofu og á [www.fastmark.is](http://www.fastmark.is)

### ÓSKUM EFTIR ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM EINBÝLIS- RÁÐHÚSA – OG PARHÚSA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

**EINBÝLISHÚS ÓSKAST VIÐ  
LÆKINN Í HAFNARFIRÐI**  
Óskum eftir virðulegu einbýlishúsi 180 fm. eða stærra með a.m.k. 3 svefnherbergjum. Má þarfnast endurbóta

### ELDRÍ BORGARAR



**Sóleyjarimi - íbúð fyrir 50 ára og eldri.**  
Góð 82,8 fm. íbúð á 1. hæð með sérinngangi í nýlegu fjölbýli í Grafarvogi. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, opið eldhús, rúmgóða stofu/borðstofu með útgangi á yfirbyggðar svalir, svefnherbergi, baðherbergi og þvottaherbergi. Sér staði í bílagæmslu. Íbúðin er laus til afhendingar nú þegar. Verð 22,9 millj.



